

Dr. Guðmundur Sigurðsson  
dósent við Háskólann í Reykjavík

# VINNUSLYS, SLYSATRYGGING SJÓMANNA

*Hver á rétt á bótum?  
ákvörðun bóta*

## SEINNI HLUTI

I	INNGANGUR	24
2	HIN NÝJA SLYSATRYGGING SJÓMANNA	24
	2.1 <i>Hver á rétt á bótum?</i>	24
	2.2 <i>Nánar um ákvörðun bóta</i>	25
	2.2.1 <i>Líkamstjón</i>	25
	2.2.1.1 <i>Bætur fyrir tímabundið tjón</i>	26
	2.2.1.2 <i>Bætur fyrir varanlegt tjón</i>	26
	2.2.1.2.1 <i>Almennt</i>	26
	2.2.1.2.2 <i>Dánarbætur</i>	28
	A. <i>Dánarbætur samkvæmt 172. gr. siglingalaga</i>	30
	1. <i>Inngangur</i>	30
	2. <i>Hver á rétt á bótum?</i>	30
	3. <i>Hvaða bætur</i>	31
	3.1 <i>Bætur til maka og barna</i>	32
	3.2 <i>Bætur ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn</i>	34
	B. <i>Dánarbætur samkvæmt 12. -14. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993</i>	34
	1. <i>Hver á rétt á bótum?</i>	36
	2. <i>Bætur vegna útfararkostnaðar</i>	36
	3. <i>Bætur fyrir missi framfæranda</i>	38
	3.1 <i>Bótaskilyrði</i>	39
	3.2. <i>Útreikningur bóta samkvæmt 13. gr.</i>	
	3.2.1 <i>Almennt</i>	
	3.2.2 <i>Frumvarp til breytinga á skaðabótalögum</i>	
	3.2.2.1 <i>Almennt um frumvarpið</i>	
	3.2.2.2 <i>Breytingar á 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, 1. gr. frumvarpsins</i>	
	3.2.2.3 <i>Breytingar á 13. gr. skaðabótalaga</i>	
3	BÓTARÉTTUR SKV. 69. GR. SJÓMANNALAGA NR. 35/1985	
4	ER ÞÖRF FYRIR 172. GR. SIGLINGALAGA?	
5	SAMANTEKT	
6	Heimildaskrá	
7	Dómar	

## 1. INNGANGUR

Í 1. tbl. 1. árg. Tímarits Lögréttu er að finna grein um slysatriyggingu sjómanna.<sup>1</sup> Í greininni var annars vegar fjallað um almenn atriði varðandi bótarétt launþega og hins vegar álitafni tengd gildissviði slysatriyggingar sjómanna, nánar til tekið hvenær um bótaskyld slys teljist vera að ræða, þar með talið hvaða sjómenn séu vátryggðir, hvenær og á hvaða grundvelli. Þá kom þar fram að ætlunin væri að skrifa aðra grein þar sem fjallað yrði um frekari álitafni tengd gildissviði slysatriyggingar sjómanna auk þess sem slysatriyggingar annarra launþega yrðu teknar til umfjöllunar, þar á meðal hvort breytingar sem gerðar voru á slysatriyggingu sjómanna árið 2001 væru líklegar til þess að valda breytingum á slysatriyggingum annarra launþega. Fjallað yrði um ákvörðun bóta til tjónþola eða aðstandenda þeirra, þ.e. hver ætti rétt á bótum og hvert væri umfang þeirra. Þá yrði einnig fjallað um bótarétt launþega í nágrannalöndum okkar og hvort leita mætti fyrirmynda þar.

Eftirfarandi grein er sú sem boðuð var, þó að nokkuð þrengri sé. Þannig er látið nægja að fjalla um slysatriyggingu sjómanna en umfjöllun um slysatriyggingar annarra launþega og fyrirkomulag þeirra mála í nágrannalöndum okkar verður látin bíða betri tíma.

## 2. HIN NÝJA SLYSATRYGGING SJÓMANNA<sup>2</sup>

### 2.1 Hver á rétt á bótum?

Eins og fram kom í fyrri greininni um slysatriyggingu sjómanna segir m.a.

eftirfarandi um trygginguna í úrskurði gerðardóms frá 2001:

*„Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.*

*Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.“*

Eigi viðkomandi bæði bótarétt samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og 172. gr. siglingalaga ber að greiða honum bætur samkvæmt þeim reglum sem leiða til hærri heildarbóta. Með gerðardómi frá 2001 var t.d. gerð breyting á þágildandi kjarasamningi sjómanna í Sjómannasambandi Íslands. Í þeim samningi var m.a. kveðið á um það í grein 1.22 að frá 1. apríl 1998 skyldu örorkubætur vera 50% hærri en segir í 172. gr. siglingalaga. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í úrskurði gerðardómsins þannig að ákvörðun bótaréttar úr hinni nýju slysatriyggingu sjómanna er í raun samanburður á bótarétti samkvæmt 172. gr. siglingalaga, án 50% álags, og bótarétti á grundvelli skaðabótalaga. Í núgildandi kjarasamningum sjómanna er að finna sambærilegt ákvæði um slysatriyggingar og kveðið var á um í úrskurði gerðardóms.<sup>3</sup> Í umfjöllun um bótarétt hér á eftir verður þó eftir atvikum einnig getið um bótarétt þeirra sjómanna sem ekki falla undir hina nýju slysatriyggingu.

Í flestum tilvikum eru bætur samkvæmt reglum skaðabótalagahærri en samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Niðurstaðan kann þó að vera

<sup>1</sup> Guðmundur Sigurðsson (2004).

<sup>2</sup> Sjá Guðmundur Sigurðsson (2004), bls. 15–17, þar sem gerð er grein fyrir því að stærstur hluti sjómanna er nú tryggður samkvæmt hinni nýju slysatriyggingu frá árunum 2000 og 2001, m.a. samkvæmt úrskurði gerðardóms frá 30. júní 2001. Þrátt fyrir þetta eru til sjómenn sem þurfa að láta sér nægja þá slysatriyggingu sem um getur í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

<sup>3</sup> Sjá kjarasamning milli Samtaka atvinnulífsins, f.h. LIÚ, og Vélstjórafélags Íslands, frá 9. maí 2001, gr. 1.38. Sá samningur gildir til 31. desember 2005. Sjá einnig kjarasamninga milli sjómanna og útvegsmanna sem undirritaðir voru 30. október 2004. Samningarnir, sem gilda til 31. maí 2008, taka til Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Austurlands, Alþýðusambands Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Sjá t.d. gr. 1.23 um slysatriyggingar í samningi við Sjómannasamband Íslands.

önnur þegar um banaslys er að ræða. Þá kann sú staða að koma upp í tengslum við banaslys að fyrir hendi sé bótaréttur úr slysstryggingu sjómanna á grundvelli 172. gr. siglingalaga en ekki samkvæmt skaðabótalögum. Þannig er ekki sjálfgefið að allir þeir sem bótarétt eiga á grundvelli 172. gr. siglingalaga uppfylli þau skilyrði sem kunna að vera sett í einstökum ákvæðum skaðabótalaga. Þá er rétt að hafa í huga í tengslum við dánarbætur að líklega ber að meta bótarétt hvers og eins sjálfstætt, þ.e. ef fleiri en einn eiga rétt á bótum. Þegar meta skal hvort bætur á grundvelli skaðabótalaga eru hærri en bætur á grundvelli 172. gr. siglingalaga ber því að leysa úr því fyrir hvern þann sem bótarétt á, t.d. börn og eftirlifandi maki. Eins og fram kemur hér síðar getur niðurstaðan þá orðið sú að börn fái greiddar bætur á grundvelli 172. gr. siglingalaga en eftirlifandi maki á grundvelli skaðabótalaga.

Þótt meta eigi bótarétt hvers og eins sjálfstætt er eftir sem áður um að ræða heildstætt mat á bótarétti viðkomandi samkvæmt 172. gr. siglingalaga og skaðabótalögum, þ.e. annaðhvort eru bætur greiddar á grundvelli siglinga- eða skaðabótalaga. Þannig getur ekki komið til þess að bætur fyrir suma bóталиði greiðist á grundvelli siglingalaga og fyrir aðra á grundvelli skaðabótalaga. Það er því fyrst þegar bætur vegna allra bóталиða hafa verið reiknaðar út að sjá má með vissu hvort greiða skuli á grundvelli siglinga- eða skaðabótalaga.

Hér á eftir verður gerður samanburður á bótarétti samkvæmt skaðabótalögum og 172. gr. siglingalaga. Markmiðið er að kortleggja hvaða reglur veita tjónþola mestan bótarétt hverju sinni. Ekki er þó ætlunin að fjalla ítarlega um bótarétt hins slasaða samkvæmt skaðabótalögum heldur aðeins veita

yfirsýn yfir þær bætur sem til greina koma. Megináherslan í umfjöllun um samanburð á bótarétti samkvæmt skaðabótalögum og 172. gr. siglingalaga verður á rétt til dánarbóta.

## 2.2 Nánar um ákvörðun bóta

### 2.2.1 Líkamstjón

Eins og þegar hefur verið nefnt eru miklar líkur á að sá sem verður fyrir líkamstjóni um borð í skipi eða í vinnu í tengslum við rekstur skips fái greiddar bætur á grundvelli skaðabótalaga en ekki 172. gr. siglingalaga.

Eftirfarandi er samanburður á tímabundnum og varanlegum bótum samkvæmt 172. gr. og skaðabótalögum.

#### 2.2.1.1 Bætur fyrir tímabundið tjón

Í a-lið 2. tl. 172. gr. siglingalaga kemur fram að verði sá slasaði óvinnufær tímabundið á hann rétt á greiðslu dagpeninga. Meginreglan er sú að dagpeningar eru greiddir frá og með 8. degi óvinnufærni og að hámarki í 52 vikur.<sup>4</sup>

Hvað skaðabótalögin varðar þá kunna bætur vegna tímabundins tjóns að vera margs konar. Hér er rétt að hafa í huga að meginhugsunin að baki hinni nýju slysstryggingu sjómanna er að hinum slasaða sjómanni beri sömu bætur, hvorki hærri né lægri, og ákvæði skaðabótalaga mæli fyrir um á hverjum tíma.<sup>5</sup>

Um bætur fyrir tímabundið tjón er fjallað í 1., 2. og 3. gr. skaðabótalaga. Í grein þessari verða bótarétti samkvæmt 2. og 3. gr. skaðabótalaga ekki gerð sérstök skil, enda nema þær bætur nánast undantekningarlaust hærri fjarhæðum en dagpeningagreiðslur samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Sú staða getur þó komið upp að réttur til dagpeningabóta

<sup>4</sup> Sjá einnig neðanmálgrein 22.

<sup>5</sup> Hin nýja slysstrygging sjómanna er eðlislik slysstryggingu okumanns og váttryggingartaka samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1997. Sjá um bætur úr slysstryggingu okumanns og váttryggingartaka, Arnljótur Björnsson (2003), bls. 127-132.

samkvæmt siglingalögum taki til lengra tímabils en réttur til bóta samkvæmt 2. og 3. gr. skaðabotalaga, þ.e. til óvinnufærnitímabils eftir að heilsufar tjónþola telst orðið stöðugt. Það er þó mjög ólíklegt að slíkt valdi því að dagpeningabætur á grundvelli siglingalaga verði hærri en bætur samkvæmt 2. og 3. gr. skaðabotalaga.

Eftir atvikum getur komið til greiðslu á eftirfarandi bótum fyrir tímabundið tjón á grundvelli 1. gr. skaðabotalaga. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Í 1. mgr. 1. gr. skaðabotalaga segir að sá bótaskyldi skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað svo og þjáningabætur.

Með sjúkrakostnaði er m.a. átt við:

- \* Kostnað vegna frummedferðar og endurhæfingar á sjúkrahúsum, hjá heilsugæslulækni, sérfræðilækni, tannlækni, sjúkraþjálfara, kirópraktor, nuddara eða sálfræðingi
- \* Lyfjakostnað<sup>6</sup>
- \* Hjálpartæki
- \* Læknisvottorð og örorkumöt<sup>7</sup>

Með hugtakinu annað fjártjón er t.d. átt við annan útlagðan kostnað en sjúkrakostnað, s.s. ferðakostnað vegna læknismedferðar eða örorkumats o.s.frv., annan kostnað sem erfitt er að leggja fram gögn um<sup>8</sup>, kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði og námstafir.<sup>9</sup>

*Hinsvegar kann að orka tvímælis hvort kostnaður vegna lögmansþóknunar telst vera annað fjártjón í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabotalaga.<sup>10</sup> Ef svo er ekki gera kjarasamningar sjómanna*

*ekki ráð fyrir að kostnaðurinn verði greiddur úr slysatryggingunni. Öðru máli gegnir ef um er að ræða skaðabótakröfu enda fæst lögmansþóknun bætt á grundvelli almennra skaðabótareglna. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að ákvæði skaðabotalaga eru ekki tæmandi varðandi rétt til bóta vegna líkamstjóna. Þannig er ekki útilokað að fyrir hendi sé bótaréttur á grundvelli almennra skaðabótareglna þó að tjónið falli utan gildissviðs skaðabotalaga. Líklega er þó þessi umfjöllun um lögmansþóknun fyrst og fremst fræðilegs eðlis því tryggingafélög þau sem tryggja sjómenn samkvæmt hinni nýju slysatryggingu greiða lögmansþóknun með sama hætti og gildir um skaðabótamál, þ.e.a.s. ef greitt er samkvæmt skaðabotalögum.*

Í greinargerð með 1. mgr. 1. gr. skaðabotalaga er tekið fram, að með orðunum „annað fjártjón“ sé átt við útgjöld, sem falla á tjónþola strax eða fljótlega eftir að tjónsatvik bar að höndum en erfitt sé að færa sönnur á, t.d. með því að leggja fram reikninga.<sup>11</sup> Af þessu má draga þá ályktun að annað fjártjón verði því aðeins bætt á grundvelli hinnar nýju slysatryggingar sjómanna að um sé að ræða tjón sem til fellur fljótlega eftir slysdag. Líklega yrði því tjón sem fellur til eftir að heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, sbr. 1. mgr. 2. gr. skaðabotalaga, ekki bætt úr tryggingunni.

Aðeins greiðast bætur úr slysatryggingu sjómanna vegna líkamstjóns. Þannig er meginreglan sú að tjón á munum sjómanna fæst hvorki bætt á grundvelli 172 gr. siglingalaga né skaðabotalaga.<sup>12</sup> Hér er þó ástæða til að ætla að ákveðið frávik sé mögulegt. Þannig mun tjón á vissum munum sem stendur í beinum tengslum við líkamstjón váttrygðs væntanlega fást bætt

<sup>6</sup> Sjá t.d. H frá 13. júní 2002, mál nr. 19/2002.

<sup>7</sup> Kostnaður vegna læknisvottorða og matsgerða eftir málshöfðun telst hinsvegar hluti málskostnaðar sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

<sup>8</sup> Sjá H 1988:2233.

<sup>9</sup> Sjá H frá 13. júní 2002, mál nr. 19/2002.

<sup>10</sup> Sjá Møller og Wiisbye (2002), bls. 40.

<sup>11</sup> Sjá Alþingistiðindi 116. löggjafarþing 1992–93, þingskjal 596 – 326. mál. Sjá einnig H frá 4. desember 2003, mál nr. 171/2003.

<sup>12</sup> Sjá einnig kafla 3 um bætur til sjómanna samkvæmt 69. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

úr hinni nýju slysstryggingu. Sá sem slasast á þannig rétt á að fá t.d. fatnað eða gleraugu bætt. Hinsvegar fengjust vart bættar eigur skipverja sem hann er ekki með á sér eða nýtir beint til vinnu sinnar er hann slasast, jafnvel þó að tjón tengist líkamstjóni. Því myndi vart fást bætt úr hinni nýju slysstryggingu tjón á öllum munum hins slasaða sem eru um borð í skipinu, t.d. ef líkamstjón og tjón á munum verður rakið til þess að brot eða annað ólag gengur yfir skipið.

Í þessu sambandi skal bent á eftirfarandi dóm Hæstaréttar sem ástæða er til að ætla að geti verið til leiðbeiningar um rétt til þess að fá munatjón bætt úr nýju slysstryggingunni á grundvelli 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga.

*H frá 13. júní 2002, mál nr. 19/2002. V gerði kröfu um greiðslu úr ökumannstryggingu á hendur vátryggingafélagi vegna tjóns sem hann varð fyrir í alvarlegu umferðarslysi í júlí 1994. V taldi sig m.a. hafa orðið fyrir tjóni vegna skemmda á fatnaði og munum. Um þá kröfu segir eftirfarandi í dómi HR: „Ökumannstrygging samkvæmt 92. gr. umferðarlaga er slysstrygging og tekur ekki til tjóns á munum nema það tengist með beinum hætti líkamstjóni eigandans. Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að tryggingin taki til fata sem aðaláfrýjandi var í þegar slys varð og skemmdust við það, sem metin eru samtals á 26.000 krónur, en ekki til þeirra smáhluta sem hann segir hafa verið í bifreiðinni og skemmst.“*

## 2.2.1.2 Bætur fyrir varanlegt tjón

### 2.2.1.2.1 Almennt

Sásam verður fyrir varanlegri læknisfræðilegri örorku á rétt á bótum á grundvelli 172. gr. siglingalaga. Um er að ræða fasta fjárhæð fyrir hvert örorkustig, þó þannig að hvert stig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert stig

frá 51-100% verkar þrefalt.<sup>13</sup> Þó svo að í 172. gr. siglingalaga sé örorka miðuð við læknisfræðilegan mælikvarða, þ.e. ekki notast við miskahugtak skaðabótalaga, er almennt talið að þau hugtök fari að mestu saman. Þannig er í þeim skilmálum sem í dag gilda um slysstryggingu sjómanna samkvæmt 172. gr. siglingalaga notast við miskahugtakið eins og það er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga.<sup>14</sup>

Ef aðeins er borinn saman bótaréttur tjónþola vegna miska (læknisfræðilegrar örorku) samkvæmt siglinga- og skaðabótalögum kunna bætur samkvæmt siglingalögum að vera hærri. Eftirfarandi er dæmi um slíkan samanburð.

Dæmi. Tjónþoli er 40 ára á slysdegi sem var 1. mars 2005. Reiknaðar eru bætur miðað við miskastigin 15, 30 og 60%. Ekki er gert ráð fyrir hækkingu bóta vegna 60% miska á grundvelli heimildar í 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga. Útreikningar miðast við mars 2005.

Miskastig	172. gr. siglingalaga	4. gr. skaðabótalaga
15	819.225	865.275
30	1.911.525	1.730.550
60	5.734.585	3.461.100

Þó svo að þessi útreikningur bendi til þess að miskabætur samkvæmt 172. gr. siglingalaga geti verið hærri en bætur samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga er engu að síður ólíklegt að viðkomandi einstaklingur eigi rétt á hærri heildarbotum samkvæmt siglingalagaákvæðinu en skaðabótalögum.

<sup>13</sup> Bætur skv. 172. gr. siglingalaga miðast við þá fjárhæð hinnar lögboðnu vátryggingar sem í gildi var á slysdegi. Sjá H frá 8. júní 2000, mál nr. 21/2000.

<sup>14</sup> Sjá um tengsl miska skv. 4. gr. skaðabótalaga og lækni- og fræðilegrar örorku greinargerð með skaðabótalögum nr. 50/1993; Alþingistíðindi 116. löggjafarþing 1992-93, þingskjal 596 - 326. mál.

Hér er rétt að líta aðeins á réttarstöðu þeirra sjómanna sem þurfa að láta sér nægja þá slysatriyggingu sem um getur í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í flestum tilvikum eru þó bætur fyrir varanlegan miska 50% hærrí í þeirri tryggingu en segir í 172. gr. siglingalaga. Þá eru greiddir dagpeningar eins og kveðið er á um í 172. gr. siglingalaga. Fjárhæðir dagpeninga eru þær sömu og sjúkradagpeninga samkvæmt almannatryggingalögum nr. 117/1993. Dagpeningar fyrir einstakling voru í mars 2005 kr. 1.074 og fyrir hvert barn undir 18 ára sem viðkomandi á kr. 230. Auk þessa er nokkuð algengt að úr tryggingunni séu greiddir dagpeningar umfram það sem segir í 172. gr. vegna tímabundinnar óvinnufærni, oftast frá og með 8. degi óvinnufærni. Meginreglan er sú að þeir dagpeningar greiðist að hámarki í 51 viku. Nokkuð algengt er að dagpeningatriyggingin taki jafnt til vinnu- og frítímaslysa. Bótafjárhæðir úr tryggingunni vegna 15, 30 eða 60% miska eins og í dæminu að framan væru eftirfarandi: 1.228.838, 2.867.288, 8.601.878.

Bótaréttur vegna varanlegs tjóns samkvæmt skaðabótalögum er ekki einskorðaður við miska samkvæmt 4. gr. laganna. Þannig kann tjónþoli eftir atvikum einnig að eiga bótarétt vegna miska samkvæmt 26. gr. eða varanlegrar fjárhagslegrar örorku samkvæmt 5.-9. gr. Sambærilegan bótarétt er ekki að finna í 172. gr. siglingalaga.

Ekki er ætlunin að fjalla sérstaklega um ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku enda fjallar grein þessi ekki nema í takmörkuðum mæli um bótaúrræði skaðabótalaga auk þess sem að ákvæði 5. gr. skaðabótalaga verður vikið í umfjöllun um dánarbætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka í kafla 2.2.1.2.2 hér á eftir.

Hvað varðar rétt til miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga þá segir í a-lið 1. mgr. þeirrar greinar að heimilt sé að láta þann sem

veldur líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greiða þeim miskabætur sem misgert er við. Þá segir í 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns megi gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Spyrja má hvort til þess geti komið að bætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga verði greiddar úr hinni nýju slysatriyggingu sjómanna að uppfylltum þeim skilyrðum að tjónið verði rakið til stórfellds gáleysis eða ásetnings tjónvalds. Yrði sú raunin væri bótaréttur úr slysatriyggingu sjómanna byggður á þeirri forsendu að uppfyllt væru skilyrði um skaðabótaábyrgð á slysi, nokkuð sem er í raun hlutverk ábyrgðartrygginga en ekki slysatriygginga þar sem bótaréttur er byggður á hlutlægum grundvelli.

Þó svo að hin nýja slysatriyggung sjómanna virðist að þessu leyti hafa tekið yfir hlutverk ábyrgðartryggingar er eftir sem áður um að ræða slysatriyggungu, nokkuð sem veldur því að sá sem slasast eða eftir atvikum eftirlifandi maki eða börn en ekki hinn skaðabótaskyldi aðili teljst vátryggður í skilningi hinnar nýju slysatriyggungar sjómanna. Því myndu þau ákvæði í skilmálum um hina nýju slysatriyggungu sjómanna, þar sem segir að bætur falli niður ef vátryggður hefur valdið slysi af ásetningi og lækka megi bætur eða fella þær niður ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi, varla hafa áhrif á bótaréttinn.<sup>15</sup> Þá virðist mega ráða það af skilmálum um hina nýju slysatriyggungu sjómanna að út frá því sé gengið að ef slys veldur sjómanni líkamstjóni eða dauða þá skuli bætur ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga leiði það til hærrí bóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Ef ætlunin hefði verið að láta einhverja sérreglu gilda gagnvart bótagreiðslum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga hefði þurft að taka

<sup>15</sup> Sjá um hugtakið stórkostlegt gáleysi í vátryggingar- og skaðabótarétti, Guðmundur Sigurðsson (2004), bls. 26-27.

það sérstaklega fram í kjarasamningi og skilmálum, nokkuð sem ekki virðist hafa verið gert.

Það kann vissulega að vera vafi, séð í ljósi eðlis 26. gr. skaðabótalaga, hvort ætlunin hafi verið með úrskurði gerðardóms frá 2001 og gildandi kjarasamningum sjómanna, að greiða bætur úr slysatryggingu sjómanna samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Þrátt fyrir þetta verður, með vísan til þess sem að framan segir, vart hjá því komist að draga þá ályktun að ef uppfyllt eru bótaskilyrði 26. gr. skaðabótalaga geti komið til bótagreiðslna úr hinni nýju slysatryggingu samkvæmt því ákvæði.

Ákvæði a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga komu inn í skaðabótalögin 1999, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Þær breytingar sem þá voru gerðar tóku mið af því að rýmka heimild til ákvörðunar miskabóta frá því sem áður var. Þannig var ákvæðinu í a-lið 1. mgr. ætlað að vera sjálfstæð viðbót við rétt til þjáningabóta fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón samkvæmt 3. gr. laganna og/eða bóta fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. Þá eru bótafjárhæðir samkvæmt a-lið 1. mgr. ekki bundnar enda kemur fram í greinargerð með 13. gr. laga nr. 37/1999 að verið sé að mæla fyrir um reglu þar sem ákvarða ber bætur eftir því sem sanngjarnt þykir. Sömu sögu er að segja um 2. mgr. 26. gr. Í greinargerðinni segir að reglan sé matskennid og sett í því skyni að dómstólar hafi heimild til þess að ákvarða miskabætur til þeirra sem nánastir eru hinum látna þegar dauða ber að með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu. Kemur fram að með orðinu maki sé einnig átt við sambúðarmaka og orðið barn taki einnig til fósturbarns.

Ekki er um það fjallað í greinargerð með 13. gr. laga nr. 37/1999 hvort leggja beri sama

skilning í hugtakið maki í 2. mgr. 26. gr. og gert er í 13. gr. laganna. Í þessu sambandi skal bent á eftirfarandi umfjöllun héraðsdóms í H frá 23. maí 2001, mál nr. 24/2001.

*Dómurinn hefur hér að framan vísað frá dómi kröfu Z um bætur fyrir missi framfaranda á þeim forsendum að gögn skorti því til sönnunar að sambúð hans og Y heitinnar hafi verið með þeim hætti sem með áðurgreindum lögskýringarsjónarmiðum verður ráðið að 13. gr. skaðabótalaga áskilji fyrir bótarétti.<sup>16</sup> Á hinn bóginn þykja rök eigi standa til þess að hugtakið „maki“ í skilningi 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga verði skýrt jafnþröngt og hugtakið „sambúðarmaki“ í 13. gr. laganna. Kemur þar til að bætur samkvæmt 13. gr. eru vegna fjárhagslegs tjóns, en bætur samkvæmt 26. gr. eru reistar á öðrum sjónarmiðum. Í máli þessu eru ekki bornar brigður á að samband Z og Y heitinnar hafi verið innilegt. Þau höfðu verið elskendur um nokkurt skeið og skömmu fyrir andlát Y höfðu þau farið að búa saman í leiguíbúð. Í sálfræðilegri álitsgerð Margrétar Arnljótsdóttur frá 15. nóvember 2000, um áhrif dauða Y á foreldra hennar, sem sálfræðingurinn staðfesti fyrir dómi, kemur meðal annars fram, að foreldrar Y hafi sagt í viðtölum að Z og Y heitin hafi verið ástfangin og ánægð með að vera að koma sér fyrir í nýrri íbúð. Þá kom fram í viðtali sálfræðingsins við föður Y að hann heimsækti Z oft eftir atburðinn, enda liti hann á Z sem tengdason sinn. Að áliti dómsins er ótvívert, að hinir voveiflegu atburðir að [...] hafa verið til þess fallnir að valda Z margvíslegum sálrænum erfíðleikum og þykir ljóst að hann hafi orðið fyrir alvarlegu andlegu og tilfinningalegu áfalli. Því til stuðnings má vísa til álitsgerðar Sigurðar Páls Pálssonar gæðlæknis frá 15. nóvember 2000 og vættis hans fyrir dómi, en að sögn gæðlæknisins þjáist Z greinilega af þunglyndi. Hann sé haldinn lífsleiddi, tilfinningaleysi og langvinnri sorg, sem þróast hafi yfir í þunglyndi. Gæti hann því þurft að taka lyf vegna þunglyndis. Á þessu stigi sé engin leið að segja til um batahorfur hans. Honum*

<sup>16</sup> Ekki var gerð krafa fyrir Hæstarétti um bætur fyrir missi framfaranda skv. 13. gr. skaðabótalaga.

geti versnað, neikvæði, þunglyndi og lífsleiði geti aukist. Á því þykir mega byggja, að Z hafi ásamt foreldrum Y verið henni nákomnastur þegar andlát hennar bar að höndum. Þykir Z því eiga rétt á miskabótum samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr hendi ákærða. Verða honum ákvarðaðar miskabætur í einu lagi vegna líkamsárásarinnar, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og andláts Y heitinnar, sbr. 2. mgr. 26. gr. sömu laga, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Þykja þær hæfilega ákveðnar krónur 1.500.000. Í dómi Hæstaréttar segir m.a. um miskabótakröfur: „Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar nýjar álitserðir Sigurðar Páls Pálssonar gæðlæknis og Margrétar Arnljótsdóttur sálfræðings um andlegt ástand brotþolanna Z, B og A. Með vísan til forsöndna héraðsdóms og með hliðsjón af gögnum málsins um hagi bótakrefjenda í kjölfar verknaða ákærða þykja miskabætur til brotþolanna B og A hæfilega ákveðnar 800.000 krónur til hvors um sig. Eftir atvikum þykja miskabætur til Z hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur.“

Af þessum dómi verður dregin sú ályktun að bótaréttur kunni að vera fyrir hendi samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga þótt ekki séu uppfyllt skilyrði um missi maka eða sambúðarmaka samkvæmt 13. gr. laganna. Nánar verður fjallað um bætur vegna missis framfæranda í kafla 2.2.1.2.2.B. Eins og fram hefur komið var ætlunin með lögfestingu a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að dómstólar kvæðu á um það hvað teldust hæfilegar bætur og jafnframt að ákveða hverju sinni hverjir úr hópi hinna tilgreindu ættu rétt til bóta. Færi slíkt eftir aðstæðum hverju sinni. Um þetta mat dómstóla segir ekki annað í greinargerð en að fjárhæðir bóta samkvæmt greininni eigi að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þyki hverju sinni og þar skuli m.a. hafa í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans.<sup>17</sup>

Nokkuð hefur reynt á 26. gr. skaðabótalaga í tengslum við refsímál en minna í einkamálum. Hugsanlegar bótafjárhæðir úr hinni nýju slysatryggingu sjómanna samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga liggja því ekki á ljósu. Eftirfarandi dómur Hæstaréttar ætti þó að geta gefið vissa leiðbeiningu.

*H frá 30. september 2004, mál nr. 50/2004. B missti báða foreldra sína er bifreið þeirra lenti í hördum árekstri við bifreið BO, sem kom úr gagnstæðri átt og var ekið á öfugum vegarhelmingi. B var 17 ára á slysdegi og bjó í foreldrahúsum. Talið var að ástæður slyssins mætti rekja til stórfellds gáleysis BO í skilningi 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Samkvæmt því var fallist á að B ætti rétt á miskabótum. Um ákvörðun miskabóta segir í dómi Hæstaréttar að þar sé litið til allra aðstæðna og sérstaklega þess að gagnáhrýjandi missti báða foreldra sína í slysinu. Voru miskabætur ákveðnar 2.800.000 krónur.*

Það vekur m.a. athygli að í þessum dómi eru miskabætur ákveðnar hærri en áður hafði verið gert í mjög alvarlegum refsímálum. Í þessu sambandi er rétt að lita á eftirfarandi dóm.

*H frá 3. apríl 2003, mál nr. 168/2002. Í máli þessu var S gefið að sök að hafa hrist drenginn X svo harkalega eða með öðrum hætti orðið valdur að því að það blæddi undir heilahimnur hans, skemmdir urðu á taugafrumum í heilastofni og hálshluta mænu, hjúgur myndaðist í heila, sjónhimnublaðingar urðu í báðum augum og mar hlaust vinstra megin á hnakka með þeim afleiðingum að drengurinn lést tveimur dögum síðar. Í héraðsdómi segir svo um miskabótakröfu: „Það er álit dómsins að dæma beri foreldrum X miskabætur á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þær bætur koma aldrei í stað sonarins, enda ekki markmið slíkra bóta. Foreldrarnir hafa hins vegar augljóslega orðið*

**17** Hvað kynferðisbrot varðar þá kemur fram í greinargerð að séu börn fórnarlömb kynferðisbrota beri að lita til þess hvorsu alvarlegar afleiðingar brots eru fyrir þau, svo og til

eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkun hefur staðið og hvort um misnotkun fjölskyldu- eða trúnaðartengsla er að ræða. Slík tengsl eiga ekki að leiða til lækkunar bóta.



fyrir miska af völdum ákærða og skal sá miski bættur, svo sem frekast er unnt með fjárgreiðslum. Þykja bætur til hvors foreldris um sig hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsoði.“ Í dómi Hæstaréttar segir svo um miskabótakröfnuna: „Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður fallist á þá niðurstöðu hans, að foreldrar X eigi rétt á skaðabótum úr hendi ákærða S. Með hliðsjón af dómaframkvæmd<sup>18</sup> þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur til hvors þeirra, en að öðru leyti verður fjárhæð skaðabóta látn standa öröskuð.“

Þegar horft er til tilvísunar Hæstaréttar í málinu til dómaframkvæmdar sem rökum fyrir því að lækka miskabætur úr kr. 1.500.000 í kr. 1.200.000 í þessu alvarlega máli horfir nokkuð sérkennilega við að rétturinn skuli um einu og hálfu ári síðar dæma samtals kr. 2.800.000 í miskabætur fyrir missi beggja foreldra án þess að minnst einu orði á fyrri dómaframkvæmd. Hér verður að setja visst spurningarmerki við niðurstöðu Hæstaréttar, ekki vegna fjárhæðarinnar sem slíkrar heldur vegna þess að færa má fyrir því rök, séð í ljósi þess sem fram kemur í greinargerð með 26. gr. skaðabótalaga um hlutverk dómstóla, að rétturinn hefði átt að gera betur grein fyrir því hvers vegna fjárhæðin í þessu máli var hærri en áður. Má áætla að slíkt hefði verið til þess fallið að veita betri leiðbeiningar gagnvart öðrum tilvikum sem óhjákvæmilega munu koma upp. Vegna þess hve stuttaralegur rökstuðningur Hæstaréttar í málinu er veitir niðurstaðan takmarkaðri leiðbeiningar um hver bótaréttur kynni að vera ef t.d.:

- \* B hefði verið 20 ára á slysdegi, í námi og búíð í foreldrahúsum.
- \* B hefði verið 20 ára á slysdegi, stundað

vinnu og ekki búíð í foreldrahúsum.

- \* B hefði verið 25 ára á slysdegi, verið í námi og búíð í foreldrahúsum.
- \* B hefði verið 25 ára á slysdegi, stundað vinnu og ekki búíð í foreldrahúsum.
- \* O.s.frv.<sup>19</sup>

## 2.2.1.2.2 Dánarbætur

### A. DÁNARBÆTUR SAMKVÆMT 172. GR. SIGLINGALAGA

#### 1. Inngangur

Í 1. tl. 2. mgr. 172. gr segir eftirfarandi um dánarbætur:

*Skyll er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:*

*1. Dánarbætur:*

*a. 360.000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um.<sup>20</sup> Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.*

*b. 140.000 kr. til viðbótar greiðslu samkvæmt a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.*

*c. Mánadarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa tölulíðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna*

<sup>18</sup> Sjá H frá 23. maí 2001, mál nr. 24/2001.

<sup>19</sup> Sjá einnig dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. maí 2003 í máli nr. E-10288/2002. Málavextir voru þeir að R sem var skipstjóri á fiskiskipinu B slakaði toghlera með vindubúnaði úr brú skipsins. Við það klemmdist R og lést skömmu seinna. Í málinu krafðist móðir R bóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Niðurstaða dómans var sú að uppfyllt væru

skilyrði bótaábyrgðar skv. 2. mgr. 26. gr. Taldi dómurinn bætur hæfilega ákveðnar kr. 600.000.

<sup>20</sup> Sjá 1. mgr. 2. gr. erfðalaga nr. 8/1962 þar sem segir: „Maki erfir 1/3 hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en 2/3 hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa taka börn og aðrir niðjar allan arf.“

slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.  
d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri  
ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1.  
mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

Eftirfarandi tafla sýnir dánarbótafjárhæðir eins og þær eru á tímabilinu janúar til mars 2005, annars vegar samkvæmt 172. gr. siglingalaga og hins vegar samkvæmt kjarasamningum sjómanna frá 1998. Meginreglan er sú að slysatrygging þeirra sjómanna sem ekki falla undir nýju slysatrygginguna greiðir dánarbætur í samræmi við það sem segir í þágildandi kjarasamningi sjómanna frá 1998.<sup>21</sup>

samkvæmt reglum Tryggingastofnunar, samanber almannatryggingalög.

Í 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga er m.a. vísað í a-lið 1. mgr. 35. gr. og 52. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971. Þau lög voru hinsvegar felld úr gildi með almannatryggingalögum nr. 117/1993. Í almannatryggingalögum frá 1993 er að finna ákvæði, þ.e. a-lið 30. gr. og 44. gr., sem eru í meginatriðum sambærileg þeim ákvæðum fyrri almannatryggingalaga sem vísað er til í 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga. Þó svo að við lögfestingu almannatryggingalaga 1993 hafi misfarist að gera breytingu á 172.

Dánarbætur, eingreiðsla	Samkvæmt siglingalögum	Samkvæmt kjarasamningi
1. Til maka og/eða barna	2.160.403	2.233.183
2. Til viðbótar ef maki eða börn eru undir 18 ára	840.155	2.563.301
3. 1 + 2	3.000.558	5.104.183
4. Ef bætur greiðast ekki eftir 1 og 2		1.188.222

#### Dánarbætur, mánaðarlegar greiðslur

1. Til maka	24.881	24.881
2. Til barna að 18 ára aldri	16.586	16.586

#### 2. Hver á rétt á bótum?

Eins og fram kemur hér að framan segir í 172. gr. siglingalaga að bætur skuli greiða eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um og að með maka sé átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu

gr. siglingalaga verður að telja líklegt að siglingalögin verði túlkuð með þeim hætti að umrædd tilvísun sé í raun tilvísun í a-lið 30. gr. og 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993.<sup>22</sup>

<sup>21</sup> Í kjarasamningi sjómanna í Sjómannasambandi Íslands frá 1. apríl 1998, gr. 1.22, sagði m.a.: Auk dánarbóta skv. 1. tl. a) og b) í 172. gr. laganna (þ.e. siglingalaga. G.S.) skal tryggingin, sem útgerðarmanni er skylt að kaupa, greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta skv. a) lið, ef hann lætur hvorki eftir sig maka né börn. Samtala eingreiðslu dánarbóta samkvæmt a- + b-lið 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs, verði 3.228.503 hinn 1. apríl 1998. Aðrar dánarbætur skulu vera 10% hærrí en lög nr. 34/1985 segja til um.

<sup>22</sup> Í a-lið 2. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir að úr slysatryggingu skuli greiða dagpeninga eftir sömu reglum

og dagpeninga samkvæmt 33. gr. almannatryggingalaga. Þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærrí en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið. Með sama hætti og gildir um tilvísanir í 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga til almannatryggingalaga er hér um ranga tilvísun að ræða. Rétt tilvísun ætti að vera 28. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 en í 1. mgr. þess ákvæðis er að finna þá meginreglu að dagpeninga skuli greiða frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Þá segir í ákvæðinu að dagpeningar greiðist þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Í 44. gr. almannatryggingalaga segir eftirfarandi:

*Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir. Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaradila slysbætur. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.*

Af ákvæðinu virðist mega ráða að það sé fyrst og fremst tímallengd sambúðar, nema í þeim tilvikum þar sem kona er þunguð af völdum skráðs sambúðarmaka, sem ræður því hvort bótaréttur sé til staðar eða ekki. Þannig virðist ekki vera sett sem skilyrði að missir sambúðarmaka í skilningi ákvæðisins sé í raun missir framfæranda. Eins og fram kemur í kafla 2.2.1.2.2.B.1 hér á eftir er 44. gr. því frábrugðin 13. gr. skaðabotalaga sem kveður á um bótarétt vegna missis framfæranda. Því kann sú staða að koma upp að viðkomandi teljist vera maki í skilningi 44. gr. almannatryggingalaga og eigi því bótarétt samkvæmt 172. gr. siglingalaga en uppfylli hinsvegar ekki skilyrði þau sem sett eru í 13. gr. skaðabotalaga. Í því tilviki væri því aðeins bótaréttur úr hinni nýju slysatryggingu sjómanna samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Önnur niðurstaða er ósennileg því telja verður mjög ólíklegt að ákvæði gerðardóms frá 2001 og núgildandi kjarasamninga beri að túlka með þeim hætti að eftirlifandi sambúðarmaki kunni að eiga rétt á bótum

reiknuðum samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga þótt viðkomandi teljist ekki hafa misst framfæranda í skilningi þeirrar greinar. Mjög ósennilegt er að ætlunin hafi verið að gera réttarstöðu eftirlifandi sambúðarmaka betri vegna slysatryggingarinnar en verið hefði ef viðkomandi hefði átt bótarétt á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar.

Sú staða kann að koma upp að bótakrefjandi teljist hafa misst framfæranda í skilningi 13. gr. skaðabotalaga þótt ekki séu uppfyllt skilyrði fyrir missi sambúðarmaka í skilningi 172. gr. siglingalaga, sbr. 44. gr. almannatryggingalaga.<sup>23</sup> Þannig kann bótaréttur samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga að vera fyrir hendi þótt óvígð sambúð hafi staðið skemur en eitt ár og konan hafi hvorki eignast barn né sé barnshafandi.<sup>24</sup> Á eftirlifandi maki í því tilviki rétt á bótum úr hinni nýju slysatryggingu reiknuðum samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga þótt bótaréttur samkvæmt 172. gr. siglingalaga sé ekki fyrir hendi? Þó svo að þessari spurningu sé ekki svarað með beinum og ótvíræðum hætti í gildandi kjarasamningi sjómanna eða í skilmálum fyrir hina nýju slysatryggingu sjómanna virðist við fyrstu sýn rökrétt að álykta að ekki komi til skoðunar hvort bætur samkvæmt skaðabotalögum séu hærrí en samkvæmt siglingalögum nema fyrir liggja að uppfyllt séu skilyrði fyrir bótarétti samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Ef bótaréttur samkvæmt 172. gr. siglingalaga er ekki fyrir hendi ætti tilvikið því að falla utan gildissviðs slysatryggingarinnar.

Þetta er þó enganveginn ótvírætt. Nægir þar að minna aftur á það sem fram kom í kafla 2.2.1.2.1, þ.e. að í skilmálum þeim sem gilda fyrir hina nýju slysatryggingu sjómanna

<sup>23</sup> Sambærileg staða getur komið upp gagnvart börnum eldri en 18 ára sem ekki eiga bótarétt skv. 172. gr. siglingalaga en gætu eftir atvikum átt bótarétt skv. 12. gr. skaðabotalaga. Nefna má H 1998:2346, mál nr. 360/1997, sem dæmi um mál þar sem m.a. reyndi á skaðabótakröfu barna eldri en 18 ára.

<sup>24</sup> Sjá greinargerð með 13. gr. skaðabotalaga, Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992–1993, þingskjal nr. 596 – 326. mál. Þar kemur m.a. fram að um framfærslu geti verið að ræða eftir frumvarpinu þótt skilyrði almannatryggingalaga um óvígða sambúð séu ekki uppfyllt.

virðist gengið út frá því að ef slysseldur sjómanni líkamstjóni eða dauða skuli bætur ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga leiði það til hærri bóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Hér virðist einfaldlega ekki gert að sjálfstæðu skilyrði að viðkomandi þurfi að eiga bótarétt samkvæmt 172. gr. siglingalaga til þess að bótaréttur samkvæmt skaðabótalögum geti stofnast.

Þá er hér einnig ástæða til að benda á a-lið 30. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 þar sem segir að ekkja eða ekill sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans eigi rétt á mánaðarlegum bótum. Þessi bótaréttur er því fyrir hendi ef um missi framfæranda er að ræða þótt sambúð hafi ekki staðið jafnlengi og segir í 44. gr. laganna. Af þessu leiðir að ekkja eða ekill getur átt rétt á dánarbótum samkvæmt almannatryggingalögum vegna missis framfæranda þótt ekki séu uppfyllt skilyrði 44. gr. Ef hugtakið framfærsla í a-lið 30. gr. almannatryggingalaga er sambærilegt við hugtakið í 13. gr. skaðabótalaga, og að því gefnu að ekki hafi verið ætlunin að réttarstaða sambúðarmaka samkvæmt hinni nýju slysatryggingu sjómanna væri verri en hjóna, eru líkur á að sá sem telst sambúðarmaki í skilningi 13. gr. skaðabótalaga eigi bótarétt úr tryggingunni samkvæmt þeim lögum þótt hann uppfylli ekki skilyrði 44. gr. almannatryggingalaga.

### 3. Hvaða bætur?

#### 3.1 Bætur til maka og barna

Í kafla 2.2.1.2.2.A.1 hér að framan segir að bætur til maka og barna á grundvelli 172. gr. siglingalaga geti verið samsettar af mánaðarlegum lífeyri og eingreiðslubótum. Í skilmálum fyrir hina nýju slysatryggingu sjómanna kemur fram að við samanburð á dánarbótarétti samkvæmt 172. gr. siglingalaga og skaðabótalögum skuli

mánaðarlegar dánarbætur samkvæmt 172. gr. reiknaðar til eingreiðsluverðmætis enda er það nauðsynlegt til að skera megi úr um það hvort bætur samkvæmt 172. gr. siglingalaga eða skaðabótalögum séu hærri.

Eftirfarandi dæmum er annars vegar ætlað að bera saman bótarétt barna samkvæmt siglinga- og skaðabótalögum og hins vegar sýna hver bótaréttur eftirlifandi maka samkvæmt siglingalögum er. Í kafla B hér á eftir verður svo nánar fjallað um bótarétt eftirlifandi maka samkvæmt skaðabótalögum.

Dæmi. Banaslys varð 31. mars 2005. Tjónþoli lætur eftir sig 10 ára dóttur og 30 ára maka.<sup>25</sup>

#### Bótaréttur barns

Samkvæmt 14. gr. skaðabótalaga	Kr. 1.592.256
Samkvæmt 172. gr. siglingalaga Dánarbætur eingreiðsla	Kr. 2.000.372
Mánaðarlegar greiðslur (eingreiðsluverðmæti)	Kr. 1.362.573
Samtals	Kr. 3.362.945

Af þessu má sjá að bætur til eftirlifandi barns eru töluvert hærri samkvæmt siglingalögum en skaðabótalögum. Dánarbætur til barna úr hinni nýju slysatryggingu sjómanna greiðast því á grundvelli siglingalaga.

#### Bótaréttur maka samkvæmt 172 gr. siglingalaga

Dánarbætur, eingreiðsla	Kr. 1.000.186
Mánaðarlegar greiðslur í 3 ár (eingreiðsluverðmæti)	Kr. 845.115
Samtals	Kr. 1.845.301

<sup>25</sup> Ragnar R. Ragnarsson tryggingastærðfræðingur reiknaði mánaðarlegar greiðslur til eingreiðsluverðmætis.

### 3.2 Bætur ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn

Í kjarasamningi sjómanna t.d. í Sjómannasambandi Íslands frá 1. apríl 1998, gr. 1.22, sagði m.a. að auk dánarbóta samkvæmt 1. tl. a) og b) í 172. gr. siglingalaga skyldi tryggingin, sem útgerðarmanni er skylt að kaupa, greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta samkvæmt a-lið ef hann lætur hvorki eftir sig maka né börn. Ef hinn látni átti hvorki maka né börn gat t.d. komið til þess að bætur væru greiddar foreldrum hans. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í 172. gr. siglingalaga. Fjárhæðin, þ.e. helmingur dánarbóta samkvæmt a-lið, var í mars 2005 kr. 1.080.202.

Þótt sambærilegt ákvæði sé ekki að finna í nügildandi kjarasamningum sjómanna er það engu að síður að finna í einstökum skilmálum sem gilda um hina nýju slysatryggingu sjómanna.<sup>26</sup> Þannig getur sú staða komið upp að foreldrar hins látna fái kr. 1.080.202 í dánarbætur úr slysatryggingu þótt þau eigi ekki bótarétt á grundvelli 172. gr. siglingalaga.

## B. DÁNARBÆTUR SAMKVÆMT 12.-14. GR. SKAÐABÓTALAGA NR. 50/1993

### 1. Hver á rétt á bótum?

Ákvæði 12.-14. gr. skaðabótalaga fjalla um bótarétt vegna missis framfæranda og bætur vegna útfararkostnaðar. Bótarétt eiga maki, sambúðarmaki og börn yngri en 18 ára. Einnig geta aðrir átt bótarétt takist þeim að sanna að þeir hafi misst framfæranda.<sup>27</sup>

<sup>26</sup> Í gr. 7.2 í skilmálum nr. 781 um slysatryggingu sjómanna hjá Tryggingamiðstöðinni hf. segir eftirfarandi: „Valdi slys dauða þess sem tryggður er innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast dánarbætur sem í gildi voru á slysdegi skv. 1. tl. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 34/1985 að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn skal greiða dánarbúi hans helming dánarbóta sem ella hefðu verið greiddar einum einstaklingi skv. A-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr.“ Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í slysatryggingaskilmálum annarra tryggingafélaga.

Í þessari grein er fyrst og fremst ætlunin að fjalla um bótarétt eftirlifandi maka samkvæmt 12. og 13. gr. og eftir atvikum bera hann saman við bótarétt samkvæmt 172. gr. siglingalaga.

Áður en fjallað verður um bótarétt samkvæmt 13. gr. er rétt að fjalla stuttlega um bætur vegna útfararkostnaðar.

### 2. Bætur vegna útfararkostnaðar

Í greinargerð með 12. gr. skaðabótalaga kemur fram að ekki sé ætlunin með lagasetningunni að breyta þeim reglum sem giltu um rétt til þess að krefja þann sem ábyrgð ber á dauða annars manns um útfararkostnað eða um ákvörðun þeirra bóta. Hins vegar kemur fram að rétturinn til að fá útfararkostnað þættan sé ekki, eins og gildir um 13. og 14. gr. laganna, háður því að um missi framfæranda sé að ræða. Ekki er í greinargerðinni nánar vikið að fjárhæðum bóta vegna útfararkostnaðar, aðeins sagt að bætur skuli sniða eftir mati á tjóni hvers einstaks tjónþola.<sup>28</sup>

Eftir lögfestingu skaðabótalaga hefur Hæstiréttur nokkrum sinnum kveðið á um bætur fyrir útfararkostnað.<sup>29</sup> Nefna má eftirfarandi dóm Hæstaréttar sem dæmi um ákvörðun bóta vegna útfararkostnaðar.

*H frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002.*

*Ágreiningur var m.a. um bætur vegna útfararkostnaðar. Stefndu voru greiddar kr. 350.000 vegna útfararkostnaðar með bótauppgjöri 13. nóvember 2000. Áfrýjendur gerðu ekki athugasemdir við kostnað af útförinni sjálfri, sem að viðbættum þrentunarkostnaði*

<sup>27</sup> Arnljótur Björnsson (1999), bls. 171. Sjá í tengslum við hugsanlegan bótarétt skv. 12. gr. skaðabótalaga, H frá 30. september 2004, mál nr. 50/2004.

<sup>28</sup> Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992-1993, þingskjal nr. 596 - 326. mál. Sjá einnig H frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002.

<sup>29</sup> Sjá eftirfarandi dóma: H 1998:1503, tildæmdur kostnaður kr. 300.000, H 1998:2346, tildæmdur kostnaður kr. 250.000, H frá 23. maí 2001, mál nr. 24/2001, tildæmdur kostnaður kr. 226.288 og H frá 21. júní 2001, mál nr. 62/2001, tildæmdur kostnaður kr. 324.660.

sálmaskrár nam kr. 245.658. Áfrýjendur mótmæltu því hins vegar að þeim bæri að greiða að fullu kostnað af efridrykkju, sem nam kr. 647.220 að meðtöldum virðisaukaskatti. Krafa stefndu um ógreiddan útfararkostnað nam því kr. 542.878. Í dómi Hæstaréttar segir um kröfuna: „Eins og áður segir verður ekki talið, að bætur vegna útfararkostnaðar eigi að vera staðlaðar og hinar sömu í öllum tilvikum. Rétt er að meta aðstæður hverju sinni, eftir því sem kostur er, en þó þannig að bætur megi almennt teljast hæfilegar. Með hliðsjón af öllum atvikum þykja bætur vegna kostnaðar við útför eiginmanns stefndu hæfilega metnar 500.000 krónur, og eru því 150.000 krónur vangreiddar vegna þessa kröfufuliðar.“

### 3. Bætur fyrir missi framfæranda

#### 3.1 Bótaskilyrði

Til þess að bótaréttur stofnist samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga þarf í fyrsta lagi að liggja fyrir að sá sem krefur um bætur hafi verið í sambúð með hinum látna og í öðru lagi að sambúðin hafi verið þess eðlis að við fráfall hans hafi viðkomandi misst framfæranda.<sup>30</sup> Þannig er ekki sjálfgefið jafnvel þótt staðfest sé að um sambúð hafi verið að ræða að hinn eftirlifandi teljist hafa misst framfæranda í skilningi 13. gr. skaðabótalaga.

Í athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga nr. 50/1993 segir meðal annars um 13. gr. laganna að það sé ekki skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð hafi staðið í tiltekinn lágmarkstíma eða sambúðarmaki hafi átt barn með hinum látna. Dómstólar meti sjálfstætt hvort um framfæranda hafi verið að ræða. Þá sé ekki unnt að móta skýra lagareglu sem leysi þann vanda sem fylgi því að dæma um

hvort sambúðarmaki hafi í reynd misst framfæranda. Það sé háð mati hverju sinni. Það sem skipti sköpum í þessu efni sé hins vegar hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma er tjón bar að höndum hafi verið þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar. Það sé skilyrði bótaréttar að hinn látni hafi verið framfærandi bótakrefjanda. Hér ráði almennt úrslitum hvort sá sem krefst bóta hafi raunverulega verið á framfæri hins látna.

Þegar meta skal hvort skilyrði 13. gr. um missi framfæranda séu uppfyllt, þ.e. að jafna megi sambúð til hjúskapar, er tímalengd sambúðar eitt þeirra atriða sem hafa verður í huga. Önnur atriði sem máli skipti við þetta mat séu t.d. sameiginlegt heimili, sameiginlegt heimilishald og sameiginlegur fjárhagur, sameiginleg börn eða annars sameiginleg framfærsla barna og það á hvern hátt viðkomandi komi fram út á við. Úr þessu verður að skera á grundvelli heildarmats á þessum atriðum. Þó verður að leggja höfuðáherslu á sameiginlegan fjárhag og heimilishald þegar um er að ræða kröfu um bætur fyrir missi framfæranda.<sup>31</sup>

Eftirfarandi dómur Hæstaréttar frá 19. september 2002, mál nr. 20/2002<sup>32</sup>, er gott dæmi um það að gerðar eru nokkuð strangar kröfur til sönnunar um missi framfæranda.

*Málavextir voru eftirfarandi. A sem lést í bílslysi 16. september 1996 hafði eignast barn með áfrýjanda í febrúar 1996 en það var þó ekki féðráð fyrr en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1996. Með símbrefi til stefnda V 11. maí 1997 gerði áfrýjandi sem sambúðarmaður A heitinnar kröfu um greiðslu bóta fyrir missi*

<sup>30</sup> Sjá greinargerð með 12. og 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, Alþingistíðindi, 116. löggjafarþing 1992-1993, þingskjal nr. 596 - 326. mál.

<sup>31</sup> Sjá eftirfarandi heimildir varðandi mat á því hvenær skilyrði 13. gr. um missi framfæranda teljast uppfyllt: Gomard og Wad (1986), bls. 86-88, Friis og Behn (1997), bls. 406, Bertholdt, Christensen og Neugenbauer (2001), bls. 163, Møller og

Wiisbye (2002), bls. 310-321 og Bo von Eyben og Isager (2003), bls. 273-274.

<sup>32</sup> Sjá einnig H frá 23. maí 2001, mál nr. 24/2001. Í héraðsdómi er að finna ítarlega umfjöllun um 13. gr. skaðabótalaga. Ekki var gerð krafa fyrir Hæstarétti um bætur fyrir missi framfæranda skv. 13. gr. skaðabótalaga.

framfæranda samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Með bréfinu fylgdu yfirlýsingar nokkurra manna, þar sem staðfest var að áfrýjandi og hin látna hefðu búið saman og verið leigutakar hjá þeim eða í nábýli við þá á fjörum nánar tilgreindum stöðum á tímabilinu frá júní 1994 til september 1996.

Vhafnaði því að áfrýjandi ætti bótarétt samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga. Hæstiréttur taldi að gögnin sem lögð voru fram í maí 1997 hefðu ekki sýnt nægilega fram á að áfrýjandi hefði verið í sambúð með A í skilningi 13. gr. skaðabotalaga þegar hún lést.

Áfrýjandi leitaði á ný til V með símbréfi dags. 25. nóvember 1998 og itrekaði kröfu sína um bætur. Lagði hann þá fram, auk áðurgreindra yfirlýsinga, staðfestingu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, þar sem meðal annars kom fram að áfrýjandi hefði fylgt A í mæðraskoðanir á meðgöngutíma barns þeirra. Jafnframt lagði hann fram húsaleigusamning milli hennar og nafngreinds leigusala frá 3. október 1995, en undir samninginn ritaði áfrýjandi sem vottur. Nokkrum dögum síðar bárust V skattframtöl hinnar látnu fyrir gjaldárin 1995 og 1996.

V taldi gögnin ekki sýna að áfrýjandi og hin látna hefðu verið í sambúð sem jafna mætti til hjúskapar í skilningi 13. gr. skaðabotalaga, þegar hún lést. Hæstiréttur taldi að þótt gögnin sem lögð voru fram í nóvember 1998 hefðu styrkt nokkuð staðhæfingar áfrýjanda um sambúð sína og hinnar látnu yrði að fallast á að þau hefðu ekki nægt til að taka svo af tvímæli um sambúðina að uppfyllt væru skilyrði 13. gr.

Í dómi Hæstaréttar er gengið út frá því að eftir þetta hafi áfrýjandi ekki hafst frekar að um kröfu sína fyrir en hann beindi ódagsettu erindi til tjónanefndar váttryggingarfélaganna þar sem hann leitaði úrlausnar um rétt sinn til bóta samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga. Með því erindi lét áfrýjandi fylgja nokkur ný gögn. Meðal þeirra voru:

- \* vottorð ljósmóður um að áfrýjandi hefði verið viðstaddur fæðingu barns síns og A,
- \* vottorð vinnuveitanda um að þau hefðu starfað saman við ræstingar,

\* reikningsyfirlit frá banka, sem munu hafa borið með sér reglubundnar innborganir áfrýjanda á reikning hennar, og loks

\* nokkrar minningargreinar úr Morgunblaðinu um A, þar sem itrekað var rætt um áfrýjanda sem sambúðarmann hennar, meðal annars í æviágripi, sem fylgdi greinunum.

Mun tjónanefndin hafa tekið afstöðu til þessa erindis áfrýjanda 15. febrúar 2000.

Hæstiréttur taldi að þegar áfrýjandi lagði ódagsett erindi sitt fyrir tjónanefnd váttryggingarfélaganna, sem hún tók afstöðu til 15. febrúar 2000, hefðu fylgt því gögn sem nægðu fyllilega til þess að sýna fram á sambúð hans og hinnar látnu. Þegar niðurstaða tjónanefndar lá fyrir hafði áfrýjandi því sannanlega lagt fram þau gögn sem þörf var á til að meta hvort fullnægt væri skilyrðum 13. gr. skaðabotalaga fyrir greiðslu til hans á bótum fyrir missi framfæranda.

## 3.2 Útreikningur bóta samkvæmt 13. gr.

### 3.2.1 Almennt

Í 1. mál. 13. gr. skaðabotalaga segir að bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skuli vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni myndi hafa átt rétt á fyrir 100% örorku sbr. 5. §8. gr. laganna.

Þrátt fyrir nokkuð ótvírætt orðalag var uppi óvissa um hvernig túlka bæri þetta ákvæði í 13. gr. Segja má að með dómum Hæstaréttar frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002, og frá 29. janúar 2004, mál nr. 283/2003, hafi verið tekin af öll tvímæli um að við ákvörðun bóta samkvæmt 13. gr. skaðabotalaga beri fyrst að áætla hverjar örorkubætur framfæranda hefðu orðið fyrir 100% örorku að teknu tilliti til frádráttarliða 4. mgr. 5. gr. skaðabotalaga og reikna síðan bætur til maka eða sambúðarmaka sem 30% af þeirri fjárhæð.

H frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Í 1. mgr. 12. gr. skaðabotalaga er kveðið á um bætur fyrir tjón

vegna missis framfæranda. Í 2. mgr. 12. gr. er um frádrátt greiðslna frá þriðja manni vísað til 4. mgr. 5. gr. laganna. Þær frádráttarreglur eiga meðal annars við um útreikning bóta samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga, þar sem bætur til maka og sambúðarmaka fyrir missi framfæranda skulu reiknaðar sem 30% af bótum, sem hinn látni hefði átt rétt á fyrir 100% örorku, sbr. 5. og 8. gr. laganna. Við áður nefnt bótauppgjör 13. nóvember 2000 hefði því verið rétt að áætla, hverjar örorkubætur til eiginmanns stefndu hefðu orðið að teknu tilliti til frádráttarliða 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1999, og reikna bætur til stefndu sem 30% af þeirri fjárhæð.<sup>33</sup>

Hvað varðar nánar frádráttarliði samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga þá var lengi vel uppi óvissa tengd frádrætti greiðslna frá t.d. almannatryggingum og lífeyrissjóðum frá skaðabótum fyrir varanlega örorku. Segja má að með dómum Hæstaréttar frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002, frá 27. nóvember 2003, mál nr. 223/2003, og frá 17. febrúar 2005, mál nr. 357/2004, hafi nokkuð dregið úr þeirri óvissu.<sup>33</sup> Í 2. ml. 13. gr. skaðabótalaga kemur fram

að bætur skuli ekki nema lægri fjárhæð en kr. 3.000.000 nema sérstaklega standi á. Fjárhæðin var í apríl 2005 kr. 4.358.500.<sup>34</sup> Með 10. gr. laga nr. 37/1999 var 2. mgr. 13. gr. skaðabótalaga felld brott. Það ákvæði hljóðaði þannig: „Hafi framfærandi verið orðinn 26 ára gamall lækka bætur eftir reglum 9. gr.“ Í greinargerð með 13. gr. skaðabótalaga frá 1993 sagði m.a.:

Í 2. mgr. er kveðið svo á að lækka skuli bætur eftir reglum 9. gr. ef framfærandi var orðinn 26 ára. Regla þessi tekur einnig til bóta sem ákveðnar eru 3.000.000 kr. eftir 2. málsf. 1. mgr. Ákvæði 9. gr. hafa því áhrif á fjárhæð dánarbóta sem ákveðnar eru eftir 13. gr.<sup>35</sup>

Ef t.d. tjónþoli var 45 ára á slysdegi og ákveða átti bætur á grundvelli lágmarksfjárhæðarinnar lækkaði sú fjárhæð um 20%.<sup>36</sup> Ef tjónþoli var yngri en 26 ára á slysdegi lækkuðu bæturnar hinsvegar ekki.

Þegar 2. mgr. 13. gr. var felld brott með lagabreytingunni 1999 var ekki gerð önnur breyting á 13. gr. Í greinargerð sagði það eitt

**33** Sjá m.a. umfjöllun um dóm H frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002, Guðmundur Sigurðsson (2004/2), bls. 33–35. Í þeirri grein kom m.a. fram að dómurinn gaf svör við ákveðnum grundvallarspurningum varðandi túlkun á 1. málslið 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eins og ákvæðinu var breytt með 4. gr. laga nr. 37/1999. Þá kom fram að þó að dómurinn staðfesti að eingreiðsluverðmæti ákveðinna greiðslna af félagslegum toga frá almannatryggingum að teknu tilliti til 33,3% skattskyldu ætti að koma til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku og að réttur til greiðslna frá almannatryggingum miðaðist við stöðugleikatímamark, þá væri því ekki svarað með endanlegum hætti hverjar félagslegar greiðslur frá almannatryggingum kæmu til frádráttar og hverjar ekki. Spurt var hvort t.d. barnlífeyrir ætti að koma til frádráttar. Segja má að dómur H frá 17. febrúar 2005, mál nr. 357/2004, hafi m.a. svarað þeirri spurningu. Í því máli var m.a. deilt um hvort rétt hefði verið að draga frá bótum áfrýjanda fyrir varanlega örorku eingreiðsluverðmæti barnlífeyris til hans frá Tryggingastofnun ríkisins, en óumdeilt var í málinu að það verðmæti nam kr. 4.982.818. Í varakröfu áfrýjanda var við það miðað að þessi fjárhæð gæti aðeins komið til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku að 2/3 hlutum. Hæstiréttur taldi að eingreiðsluverðmæti barnlífeyris ætti að koma að fullu til frádráttar. Engu breytti þó að Hæstiréttur féllist á að almenna reglan væri sú að við ákvörðun skaðabóta vegna varanlegrar örorku eftir 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga ætti eingreiðsluverðmæti þess, sem tjónþoli á rétt til úr

almannatryggingum, aðeins að koma að 2/3 hlutum til frádráttar bótum þegar um er að ræða tekjuskattskyldan lífeyri, sem ekki er greiddur í einu lagi. Í því sambandi benti rétturinn á dóma Hæstaréttar frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002, og frá 27. nóvember 2003, mál nr. 223/2003. Óumdeilt var að skattfyrirvöld hefðu farið þannig með barnlífeyri samkvæmt 14. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar að hann teldist ekki til skattskyldra tekna. Segja má að sú niðurstaða Hæstaréttar að draga skuli frá barnabætur frá skaðabótakröfu sé í samræmi við þá fyrri dóma sem rétturinn nefnir og að það kunnir einnig að vera lögræðilega rétt í þessu tilviki að draga þessar greiðslur að fullu frá. Hinsvegar verður að telja þá aðferðafræði að draga greiðslurnar að fullu frá til þess fallna að flækja uppgjör alvarlegra slysamála enn frekar, nokkuð sem eiginlega var ekki á bætandi.

**34** Samkvæmt 15. gr. skaðabótalaga skal fjárhæðin í 13. gr. breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánsklaravísitölu frá gildistöku skaðabótalaga, þ.e. 1. júlí 1993. Þá skal fjárhæðin hækka eða lækka þannig að hún standi á heilu eða hálfu þúsundi. Fjárhæðin kr. 4.358.500 er því þannig fundin, kr. 3.000.000 x 4768/3282 = 4.358.318 sem verður 4.358.500. Útreikningur miðast við apríl 2005.

**35** Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992–1993, þingskjal nr. 596 – 326. mál.

**36** Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992–1993, þingskjal nr. 596 – 326. mál., Fylgiskjal I, dæmi 6.



að ákvæði 2. mgr. 13. gr. ætti ekki lengur við þar sem aldursleiðrétting bóta samkvæmt frumvarpinu væri gerð með öðrum hætti. Þessu olli að 9. gr. skaðabótalaga frá 1993 var einnig felld brott með lögum nr. 37/1999 og aldursleiðréttingin var reiknuð inn í margföldunarstuðul samkvæmt 6. gr. laganna. Það kemur hinsvegar hvergi fram að ætlunin hafi verið að breyta reglunni um lágmarksbætur með þeim hætti að jafnvel þótt tjónþoli væri t.d. 45 ára ættu bæturnar ekki að vera lægri en kr. 3.000.000. Þó að ástæða sé til að ætla að hér hafi orðið mistök við lagasetninguna hafa þau ekki verið leiðrétt og sú venja skapast við uppgjör bóta samkvæmt 13. gr. gildandi skaðabótalaga að miða við það sem meginreglu að bætur verði ekki lægri en kr. 3.000.000 án tillits til aldurs tjónþola.

Eins og fram kemur hér að framan segir í 2. ml. 13. gr. að bætur skuli ekki vera lægri en kr. 3.000.000 nema sérstaklega standi á. Í greinargerð með skaðabótalögum frá 1993 segir um þetta ákvæði að ætlast sé til að þegar fjártjón verði skuli bætur jafnan vera a.m.k. 3.000.000 kr., nema ekki hafi verið um neina framfærslu að ræða eða aðeins óverulega framfærslu. Sé svo sé heimilt samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. að ákveða lægri bætur en 3.000.000 kr. Þá segir í greinargerðinni að greiðsla á lágmarksbótum eftir ákvæðinu komi þó að sjálfsögðu ekki til álita nema fjártjón sé sannað.<sup>37</sup> Af þessu virðist mega draga þá ályktun að ef sá sem krefst bóta getur ekki sýnt fram á nema mjög takmarkaða framfærslu geti komið til þess að bætur verði lægri en sem nemur lágmarksfjárhæð 13. gr. Ef sá látni var tekjulaus ætti þessi möguleiki að geta komið til skoðunar.

Þrátt fyrir þetta er ástæða til að ætla, m.a. með vísan í þá framkvæmd sem skapast hefur við uppgjör slysamála eftir lagabreytinguna

1999, að ef á annað borð skilyrðin um missi framfæranda í skilningi 13. gr. eru uppfyllt þá muni bætur nánast undantekningalaust ekki verða lægri en kr. 3.000.000. Í þessu sambandi má einnig benda á eftirfarandi dóm:

*H frá 29. janúar 2004, mál nr. 283/2003. Í dómi Hæstaréttar kemur m.a. fram að með gildistöku skaðabótalaga hafi reglum um bætur fyrir missi framfæranda verið breytt verulega. Þannig hafi ákvæði um dánarbætur í aðalatriðum verið staðlaðar og um leið einfaldaðar að mun í samanburði við eldri reglur. Þáttur í stöðlun bótanna hafi verið að þær skyldu ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 krónum og jafnframt litið fram hjá því hvort tjónþoli í einstökum tilvikum væri sjálfur fær um að afla vinnutekna, hvort hann gerði það í raun og hve háður hann hefði annars verið framfærslu af hálfu hins látna.*

### 3.2.2 Frumvarp til breytinga á skaðabótalögum

3.2.2.1 *Almennt um frumvarpið*  
Allsherjarnefnd Alþingis lagði fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005 frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum.<sup>38</sup> Frumvarpið inniheldur eftirfarandi þrjár greinar:

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

*Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu*

<sup>37</sup> Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992-1993, þingskjal nr. 596 - 326. máli.

<sup>38</sup> Þótt frumvarpið hafi ekki orðið að lögum á því þingi verða efni þess engu að síður gerð skil í grein þessari.

eingreiðsluverðmætti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði, almannatryggingum eða váttryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir missi framfaranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% afbótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. án frádráttar. Bætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### 3.2.2.2 Breytingar á 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, 1. gr. frumvarpsins

Í greinargerð<sup>39</sup> með frumvarpinu kemur fram sú skoðun að sú breyting sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 hafi haft mikla réttarbot í för með sér. Hins vegar segir allsherjarnefnd að þá hafi jafnframt verið lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem nefndin telur hafa komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki. Svo virðist sem nefndin telji réttarstöðu þessa hóps verri eftir lagabreytinguna en áður var. Þá bendir allsherjarnefnd á að alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku<sup>40</sup> á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins

og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum. Nefnir allsherjarnefnd tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót og bensinstyrk í þessu sambandi. Bendir nefndin á að fyrir breytinguna á skaðabótalögum 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum. Þá bendir nefndin á að eftir breytinguna 1999 hafi slíkar bætur verið dregnar frá bótum til handa alvarlega slösuðu fólki samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laganna, nokkuð sem hafi haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð enda geti slíkt m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni auk þess sem tekjur tjónþola geti haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur.<sup>41</sup>

Vegna þessa auk sanngirnissjónarmiða lagði nefndin til að í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga yrði kveðið á um að eingöngu eingreiðslur frá almannatryggingum drægjust frá bótum til tjónþola í stað greiðslna frá almannatryggingum eins og nú er.

Eins og nefnt hefur verið fyrir í þessari grein var í kjölfar lagabreytingarinnar 1999 nokkur óvissa og ágreiningur um túlkun á 4. mgr. 5. gr. laganna. Þó svo að Hæstiréttur hafi að nokkru leyst úr óvissuþætti þess máls er ekki endilega þar með sagt að ágreiningur sem m.a. tengist þeirri grundvallarspurningu hvort félagslegar greiðslur skuli yfirhöfuð koma til frádráttar skaðabótakröfu sé úr sögunni.<sup>42</sup> Séð í því ljósi má vel fallast á

**39** Alþingistiðindi, 131. lögjafarþing 2004–2005, þingskjal 1037 – 681. mál.

**40** Hér virðist átt við örorkuhugtak 29. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 en ekki hugtakið varanleg örorka í 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

**41** Eftirfarandi er dæmi um greiðslur af félagslegum toga frá almannatryggingum sem geta komið til frádráttar skaðabótakröfu:

Lög nr. 117/1993 um almannatryggingar:

• 10., 12., 14. og 17. gr., örorkulífeyrir, barnalífeyrir, tekjutrygging og tekjutryggingarauki

• 28.–29. gr., dagpeningar, örorkubætur/slysaörorkulífeyrir

Lög nr. 118/1993 um félagslega aðstöð:

• 8., 9., 10. og 11. gr., endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, uppbót á lífeyri, bensinstyrkur

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Eftirfarandi félagslegar greiðslur sem sá slasaði kann að eiga rétt á frá almannatryggingum eru ekki tekjutengdar:

• Slysaörorkulífeyrir

• Slysaörorkubætur

• Barnalífeyrir

• Bensinstyrkur

Það skal þó tekið fram að þó að slysaörorkulífeyrir skv. 29. gr. almannatryggingalaga skerðist ekki vegna teknna gildir annað um almennan örorkulífeyri samkvæmt 10. og 12. gr. laganna.

**42** Sjá Björn L. Bergsson (2003).

sanngirnirök allsherjarnefndar. Sömu sögu er að segja um þá óvissu sem vissulega er tengd framtíðarrétti tjónþola til félagslegra greiðslnafráalmannatryggingum.<sup>43</sup> Vissulega má læra fyrir því rök að hinn skaðabótaskyldi aðili skuli bera þá áhættu sem þessari óvissu er samfara en ekki sá sem skaðabótaréttinn á. Það er þó rétt að hafa í huga að óvissan er mismikil eftir því um hvaða greiðslur er að ræða.

Það sem hinsvegar kann að orka meira tvímælis er umfjöllun allsherjarnefndar um hinar alvarlegu afleiðingar breytinganna 1999 fyrir illa slasaða einstaklinga. Ekki verður annað ráðið af greinargerð, einnig séð í ljósi þess sem segir um bótastöðu eftirlifandi maka, en að nefndin telji að bótaréttur illa slasaðra einstaklinga sé almennt verri eftir lagabreytinguna 1999 en áður var.

Þetta kallar á nánari skoðun. Þá er einnig ástæða til að skoða stuttlega áhrif þeirrar tillögu að aðeins eingreiðslur frá almannatryggingum skuli koma til frádráttar.

Með lögum nr. 37/1999 voru gerðar nokkuð umfangsmiklar breytingar á þeim reglum sem gilda um útreikning bóta vegna varanlegrar fjárhagslegrar örorku tjónþola. Þær breytingar höfðu einnig áhrif á útreikning dánarbóta til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka samkvæmt 13. gr.

Eitt af markmiðunum með lögfestingu skaðabótalaga árið 1993 var að einfalda útreikning á bótum fyrir varanlega örorku. Þá voru uppgjörsgætlur skaðabótalaga fyrir varanlega örorku að tóluverðu leyti staðlaðar. Hluti af þessari einföldun og stöðlun fólst í að greiðslur eða bætur frá þriðja aðila komu almennt ekki til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega örorku. Þá var enginn frádráttur gerður vegna skattfrelsis

bóta eða hagræðis af eingreiðslu. Auk þessa var ákveðið að margföldunarstuðull sá sem gildi um útreikning bóta skyldi vera 7,5. Stuðlinum var síðar breytt í 10 með lögum nr. 42/1996.<sup>44</sup> Í greinargerð kemur fram að margföldunarstuðullinn var ekki hafður hærrí en raun ber vitni þar sem greiðslur frá þriðja aðila, t.d. frá almannatryggingum, komu ekki til frádráttar skaðabótakröfu.<sup>45</sup> Þá var í skaðabótalögum frá 1993 að finna í 9. gr. staðlaða reglu um lækkun bóta fyrir varanlega örorku vegna aldurs.

Í greinargerð með 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, skr. lög nr. 42/1996, segir m.a. eftirfarandi<sup>46</sup>:

*Samkvæmt gildandi lögum dragast bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði ekki frá bótum fyrir varanlega örorku. Í greinargerð með frumvarpinu að skaðabótalögum, nr. 50/1993, kemur fram að margföldunarstuðull laganna var öðrum þræði ákveðinn með hliðsjón af því að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja manni, t.d. almannatryggingum og váttryggingum. Þessi sjónarmið eiga ekki við í þessu frumvarpi. Margföldunarstuðull 5. gr. frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar.*

Eins og fram hefur komið var með dómum Hæstaréttar frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002, frá 27. nóvember 2003, mál nr. 223/2003, og frá 17. febrúar 2005, mál nr. 357/2004, skorið úr um hvernig bæri að túlka ákvæði 4. mgr. 5. gr. um frádrátt greiðslna, m.a. frá almannatryggingum, frá skaðabótakröfu fyrir varanlega örorku.

<sup>43</sup> Sjá Björn. L. Bergsson, Karl Axelsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson (2005).

<sup>44</sup> Alþingistiðindi, 120. löggjafarþing, 1995–1996, þingskjal 703 – 399. mál.

<sup>45</sup> Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing, 1992–1993, þingskjal nr. 596 – 326. mál, kafli 4.2.

<sup>46</sup> Alþingistiðindi, 123. löggjafarþing, 1998–1999, þingskjal nr. 199 – 183. mál.

Í dómi H frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002, segir m.a. um þetta ágreiningsefni:

*Í 6. gr. skaðabótalaga, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 37/1999, er mælt fyrir um hvernig meta skuli varanlega örorku til fjárhæðar á grundvelli örorkustígs tjónþola, árslauna hans og margfeldisstuðuls sem þar er ákveðinn. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 37/1999 er því lýst, svo sem í héraðsdómi greinir, að stuðull þessi sé annars eðlis en áður gildi samkvæmt skaðabótalögum og sé við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt tekjutap sitt vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa sé miðað við að til frádráttar komi greiðslur af félagslegum toga.<sup>47</sup>*

Af niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli og öðrum sambærilegum má ljóst vera að sú breyting sem gerð var á margföldunarstuðli skaðabótalaga með lögum nr. 37/1999 fól í sér að útreikningur á skaðabótakröfu samkvæmt 6. gr. laganna tekur mið af því að staðreyna heildartjónið. Þess vegna ber að draga frá þær greiðslur af félagslegum toga sem greiddar eru af þriðja manni vegna slyssins, t.d. greiðslur frá almannatryggingum. Önnur niðurstæða myndi einfaldlega leiða til þess að tjónþoli fengi tjón sitt ofbætt; nokkuð sem stríðir gegn þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttar að tjónþoli eigi ekki rétt á hærri bótum en svara raunverulegu fjártjóni hans.

**47** Í dómnum segir einnig: „Með greindum ákvæðum skaðabótalaganna (þ.e. 5. og 6. gr.) er leitt við að bæta áætlað framtíðartjón tjónþola. Útreikningurinn er reistur á örorkustigi hans á þeim tíma sem upphaf örorkunnar miðast við og tekjum fyrir slysdag, en staðlaður að öðru leyti. Samkvæmt orðalagi ákvæðis 4. mgr. 5. gr. laganna og greindum lögskýringargögnum verða löginn ekki ódruvísi skýrð en að miða beri framtíðaráfrádrátt vegna greiðslna af félagslegum toga við þann tíma sem tjónþoli geti ekki vænst frekari bata. Verður það ekki gert nema mið sé tekið af því hvernig mál tjónþola standa á þeim tíma og ætla út frá því hvernig mál þróist í framtíðinni samkvæmt meðaltalslíkindareglu.“ Af þessum orðum Hæstaréttar verður dregin sú ályktun að þegar reikna skal til eingreiðslu framtíðarrétt tjónþola til mánaðarlegra greiðslna skuli miða við þann dag þegar heilsufar tjónþola telst orðið stöðugt í skilningi 2. gr. skaðabótalaga. Þetta þýðir að þótt það liggi fyrir þegar mál kemur til uppgjors að mánaðarlegar greiðslur til tjónþola frá almannatryggingum hafi hækkað frá því

Þá er ástæða til að ætla að breyting sú sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 hafi í alvarlegum slysamálum leitt til lakari bótaréttar tjónþola á miðjum aldri með lágar tekjur en til betri bótaréttar yngri tjónþola með meðal- eða hærri tekjur.<sup>48</sup> Svar við þeirri spurningu hvort, þegar á heildina er litið, lög nr. 37/1999 hafa leitt til lakari eða betri bótaréttar tjónþola í alvarlegum slysamálum kallar hinsvegar á ítarlega rannsókn, rannsókn sem ekki hefur farið fram.

Sú tillaga allsherjarnefndar að takmarka frádrátt greiðslna frá almannatryggingum við eingreiðslur gefur m.a. tilefni til eftirfarandi umfjöllunar:

Í 28. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 kemur fram að sá sem verður t.d. fyrir sjóslysi kann að eiga rétt á dagpeningagreiðslum. Dagpeningar greiðast almennt ekki nema í 52 vikur. Að loknum 52 vikum er ekki endilega ljóst hvort eða hver varanleg örorka verður. Í 8. gr. laga nr. 118/1993<sup>49</sup> um félagslega aðstoð er heimild til að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Endurhæfingarlífeyrir er sá sami og örorkulífeyrir. Að þessu tímabili loknu

sem var á stöðugleikatímamarki, t.d. vegna lagabreytinga, verður að horfa fram hjá því. Þessu veldur að grunnfjárhæð örorkubóta fyrir varanlega örorku er reiknuð miðað við stöðu á stöðugleikatímamarki, þ.e. allar breytur í því reikningsdæmi eru miðaðar við það tímamark. Því ber að gera slíkt hið sama varðandi eingreiðsluútreikning frádráttarliða. Ef tjónþoli var ekki farinn að fá greiðslur frá almannatryggingum á stöðugleikatímamarki ber að leggja til grundvallar útreikningi hver réttur hans var á því tímamarki enda ber tjónþola að ganga eftir rétti sínum og takmarka þannig hið skaðabótaskylda tjón samkvæmt grundvallarreglum skaðabótaréttar. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem bótarétt á úr slysatryggingu sjómanna.

**48** Sjá Guðmundur Sigurðsson (2004/2), bls. 33–35.

**49** Greiðslur frá almannatryggingum í skilningi 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga geta hvort heldur sem er verið greiðslur á grundvelli almannatryggingalaga nr. 117/1993 eða laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993. Sjá H frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002.

kann tjónþoli að vera metinn til örorku og fá í framhaldinu eingreiðslubætur eða mánaðarlegan lífeyri.

Samkvæmt skaðabótalögum lýkur tímabili tímabundins atvinnutjóns og tímabil varanlegrar örorku tekur við þann dag sem heilsufar tjónþola er orðið stöðugt í skilningi 2. gr. laganna, þ.e. á svokölluðum stöðugleikatímamarki. Sú staða getur því komið upp að heilsufar tjónþola teljist vera orðið stöðugt á því tímamarki þegar hann fær enn greidda dagpeninga frá almannatryggingum. Síðan gæti tjónþoli t.d. fengið endurhæfingarlífeyri frá almannatryggingum í 12 mánuði til viðbótar áður en hann verður metinn til t.d. 30% örorku og fær greiddar eingreiðslubætur. Þá er spurningin hvort draga beri dagpeningagreiðslur og endurhæfingarlífeyri sem tekur til tímabils eftir stöðugleikatímamark frá bótum fyrir varanlega örorku. Hér eiga ekki við rök allsherjarnefndar um óvissu tengda því hvort tjónþoli haldi bótarétti sínum til framtíðar enda hafa bæturnar þegar verið greiddar. Séð í því ljósi og þess sem að framan var sagt um að margföldunarstuðli skaðabótalaga, eins og honum var breytt 1999, sé ætlað að mæla heildartjón ættu þessar greiðslur að koma til frádráttar. Að öðrum kosti fengi tjónþoli tjón sitt ofbætt. Ötvírátt orðalag frumvarpsins, þ.e. að aðeins eingreiðslubætur skuli koma til frádráttar, bendir hinsvegar til annarrar niðurstöðu.

### 3.2.2.3 Breytingar á 13. gr. skaðabótalaga, 2. gr. frumvarpsins

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a:

*Með breytingunni 1999 voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá „ímyndaðar“ greiðslur sem hinn látni maki fær ekki, þ.e. ef hinn látni hefði lifað af slysið hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær hann ekki en samkvæmt nágildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna á engu síður að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út.*

Með vísan til þessa og sanngirnisþjónarmiða lagði allsherjarnefnd til þá breytingu á 13. gr. skaðabótalaga að ekki ætti að taka tillit til frádráttarreglna 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga við ákvörðun bóta til eftirlifandi maka og sambúðarmaka.

Eins og ákvæði 2. gr. frumvarpsins er orðað virðist ekki vera gerður greinarmunur á hvaða greiðslur frá þriðja aðila, skv. 4. mgr. 5. gr., um er að ræða, þær eigi einfaldlega ekki að koma til frádráttar. Af orðalagi í greinargerð virðist þó mega draga þá ályktun að allsherjarnefnd hafi aðallega haft í huga þær félagslegu greiðslur frá almannatryggingum eða lífeyrissjóðum sem hinn látni hefði átt rétt á en makinn fær ekki.<sup>50</sup> Þrátt fyrir þetta bendir ötvírátt orðalag greinarinnar til þess að t.d. eigi ekki að draga frá örorkubætur sem hinn látni hefði átt rétt á úr slysatryggingu launþega jafnvel þó að um sé að ræða skaðabótakröfu eftirlifandi maka á hendur vinnuveitanda þeim sem trygginguna keypti.

**50** Sjá m.a. eftirfarandi orðalag í greinargerð með frumvarpinu: „... og hins vegar að orðunum „án frádráttar“ verði bætt við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna til að koma í veg fyrir að bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka.“ Sjá Alþingistiðindi, 131. löggjafarþing 2004-2005, þingskjal 1037 – 681. mál.

Þá er engu líkara en að allsherjarnefnd gangi út frá því sem staðreynd að bætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka séu almennt verulega lægri eftir lagabreytinguna 1999 en fyrir. Ekki verður séð af greinargerðinni að gerð hafi verið nein sérstök úttekt á gildandi rétti hvað þetta varðar.<sup>51</sup>

Ekki liggja fyrir margir dómar frá Hæstarétti þar sem reynir á álitafenið.<sup>52</sup> Eftirfarandi dómur er þó gott dæmi þessa.

*H frá 29. janúar 2004, mál nr. 283/2003. Í málinu deildi Á, ekkja V sem látist hafði 27. júní 2001 af áverkum sem hann hlaut í vinnuslysi, við K, vinnuveitanda V, um fjárhagslegt uppgjör*

samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993. K taldi að samkvæmt 12. gr. og 13. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, ætti, auk bóta samkvæmt slysatryggingu, að draga frá skaðabótum þær bætur frá öðrum, sem V hefði fengið greiddar ef hann hefði lifað slysið af en hlotið 100% örorku. Hæstiréttur fellst á að draga ætti frá:

- \* Bætur úr slysatryggingu launþega
- \* Bætur frá almannatryggingum
- \* Greiðslur úr lífeyrissjóði

Eftirfarandi er útreikningur á skaðabótakröfu í máli nr. 283/2003, annars vegar á grundvelli skaðabótalaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/1996 og hins vegar á grundvelli laga nr. 37/1999.

### Ef skaðabótalögin eins og þeim var breytt 1996 hefðu gilt um tjónið.<sup>53</sup>

Heildartjón vegna 100% varanlegrar örorku (3.239.245 x 10 x 100%)	kr. 32.392.450
<b>Til frádráttar:</b>	
Lækkun samkvæmt 9. gr. skaðabótalaga (20%)	kr. -6.478.490
Örorkubætur úr slysatryggingu launþega	kr. -15.562.024
Samtals	kr. 10.351.936
Bætur til maka samkvæmt 13. gr. (30%)	kr. 3.105.580
Bætur eru því <b>kr. 3.273.126</b> , sbr. 2. ml. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. skaðabótalaga, þ.e. 4.091.408 - 20% = 3.273.126.	

### Tjónið reiknað samkvæmt skaðabótalögum eins og þeim var breytt 1999. Lög nr. 37/1999 tóku gildi 1. maí 1999.

Heildartjón vegna 100% varanlegrar örorku (3.239.245 x 9,2 x 100%)	kr. 29.801.058
<b>Til frádráttar:</b>	
Örorkubætur úr slysatryggingu launþega	kr. -15.562.024
Bætur frá almannatryggingum	kr. -2.000.000
Greiðslur frá lífeyrissjóði	kr. -6.778.000
Samtals	kr. 5.461.034
Bætur til maka samkvæmt 13. gr. (30%)	kr. 1.638.310
Bætur eru því <b>kr. 4.091.408</b> sbr. 2. ml. 13. gr. skaðabótalaga. <sup>54</sup>	
<b>Mismunur (4.091.408 – 3.273.126)</b>	<b>kr. 818.282</b>

Af þessu má sjá að breytingar þær sem gerðar voru á skaðabótalögum 1999 leiddu til þess að hinum skaðabótaskylda aðila í máli nr. 283/2003 bar að greiða eftirlifandi maka kr. 818.282 hærrí skaðabætur fyrir missi framfæranda en raunin hefði orðið ef slysið hefði gerst fyrir 1. maí 1999.

Það kann hinsvegar að vera vafasamt að fullyrða að þó að lagabreytingin 1999 hafi leitt til betri skaðabótaréttar eftirlifandi maka í máli nr. 283/2003 sé eins farið um alla aðra eftirlifandi maka eða sambúðarmaka.

Eftirfarandi dæmi fela í sér samanburð á bótarétti eftirlifandi makaeða sambúðarmaka fyrir og eftir breytingu á skaðabótalögum 1999.

- Byggt er á sömu forsendum og í máli nr. 283/2003, þ.e. kr. 15.562.024 í örorkubætur úr slysatryggingu launþega, kr. 2.000.000 í bætur frá almannatryggingum og kr. 6.778.000 í greiðslur frá lifeyrissjóði.
- Dæmin eru síðan reiknuð miðað við að hinn látni hafi verið, upp á dag, 20, 30, 40, 50 eða 60 ára er hann lést.
- Þá er notast við þrennskonar launaviðmiðun, þ.e. laun hins látna:
  - Árslaun kr. 1.780.000
  - Sömu laun og í máli nr. 283/2002, þ.e. kr. 3.239.245
  - Árslaun kr. 4.770.000
- Auk þess er tekið tillit til þeirra reglna sem gilda um lágmarksbætur samkvæmt 2. ml. 13. gr. skaðabótalaga. Lágmarksfjárhæðin sbr. lög nr. 37/1999, í dómi nr. 283/2003, var kr. 4.091.408 og er miðað við þá

fjárhæð í útreikningi. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar að framan um lágmarksfjárhæð samkvæmt 2. ml. 13.

Niðurstöður er að finna í eftirfarandi þremur töflum.

TAFLA 1. Árslaun kr. 1.780.800

Aldur	1996	1999
20	4.091.408	4.091.408
30	3.886.838	4.091.408
40	3.477.696	4.091.408
50	2.863.986	4.091.408
60	1.636.563	4.091.408

TAFLA 2. Árslaun kr. 3.239.245

Aldur	1996	1999
20	5.049.128	9.773.997
30	4.563.241	5.149.327
40	3.591.467	4.091.408
50	2.863.986	4.091.408
60	1.636.563	4.091.408

TAFLA 3. Árslaun kr. 4.770.000

Aldur	1996	1999
20	9.641.393	17.843.525
30	8.925.893	11.033.396
40	7.494.893	7.833.680
50	5.348.393	4.091.408
60	1.636.563	4.091.408

51 Sjá Björn L. Bergsson, Karl Axelsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson (2005) þar sem m.a. segir eftirfarandi: „Þessi frádráttarregla hefur síðan mjög sérkennilega „aukaverkun“ í för með sér vegna vísunar milli lagaákvæða. Millivísunar sem virðist hafa láðst að taka tillit til þegar aðrar lagfæringar voru gerðar á skaðabótalögum árið 1999. Eftir þá lagabreytingu veldur frádráttarreglan því að bætur fyrir missi framfæranda til maka lækka um tugi prósentna frá því sem áður hafði verið.“

52 Sjá H frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002, og frá 29. janúar 2004, mál nr. 283/2003.

53 Sjá H frá 22. maí 2003, mál nr. 514/2002 varðandi hvernig reikna á út bætur fyrir varanlega örorku á grundvelli skaðabótalaga eins og þau voru fyrir 1. maí 1999.

54 Sjá nánar kafla B.3.2.1, en þar kemur m.a. fram að sú venja hefur skapast við uppgjör bóta samkvæmt 13. gr. gildandi skaðabótalaga að miða við það sem meginreglu að bætur verði ekki lægri en kr. 3.000.000 án tillits til aldurs tjonþola.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 283/2003 og framangreindir útreikningar svara ekki þeirri spurningu hvort, þegar á heildina er litið, lög nr. 37/1999 hafi leitt til lakari eða betri bótaréttar eftirlifandi maka eða sambúðarmaka en áður var. Svar við þeirri spurningu kallar á ítarlegri rannsókn en að framan greinir og verður því ekkert fullyrt í þeim efnum í þessari grein. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að það er háð aðstæðum hverju sinni hver bótaréttur er frá almannaþryggingum eða lífeyrissjóði.<sup>55</sup> Því verður ekki komist að heildarniðurstöðu út frá forsendum eins dóms. Hins vegar verður ekki hjá því komist að draga þá ályktun að heppilegra hefði verið fyrir allsherjarnefnd að láta sér duga að vísa til sanngirnisjónarmiða telji nefndin þau duga til breytinganna. Ef hins vegar sanngirnisjónarmiðin hafa beina skírskotun til fullyrðingar í greinargerð um verri réttarstöðu eftirlifandi maka í kjölfar breytinga á skaðabótalögum 1999 verður að setja spurningarmerki við hversu rökrétt tillagan er.

Þegar tillaga allsherjarnefndar er rædd er rétt að hafa eftirfarandi í huga: Það má vissulega fallast á að sú aðferðafræði 13. gr. skaðabótalaga að nánast vekja hinn látna til lífs á ný til að reikna út bótastöðu hans sem 100% öryrkja skv. 5. gr. laganna horfi nokkuð einkennilega við. Þó svo að þessi aðferðafræði hafi í sjálfu sér gilt fyrir breytingu á skaðabótalögum 1999, þ.e. gagnvart bótarétti úr slysatryggingu launþega, gerðu breytingarnar frá 1999 regluna mun sýnilegri vegna viðbótar frádráttarliða í 4. mgr. 5. gr. laganna. Þannig er samkvæmt gildandi rétti miklu þúðri eytt í að reikna út bótarétt sem hefði orðið en verður aldrei, til þess eins að reikna út bótafjárhæð sem í sjálfu sér

tekur ekki mið af því að meta heildartjón eftirlifandi maka. Það er ástæða til að benda sérstaklega á að ólíkt því sem gildir um útreikning á tjóni fyrir varanlega örorku skv. 5. gr. skaðabótalaga felur útreikningur bóta samkvæmt 13. gr. ekki í sér mat á heildartjóni maka heldur er hér á ferð stöðluð bótaregla. Þannig væri rangt að miða við að heildartjón eftirlifandi maka nemi 30% af þeim bótum sem hinn látni hefði átt rétt á fyrir 100% örorku án frádráttar. Útreikningsaðferðir skaðabótalaga gefa ekki ástæðu til að ætla að sú fjárhæð samsvari heildartjóni eftirlifandi maka. Séð í því ljósi er gildandi 13. gr. skaðabótalaga örökrétt, þ.e. það liggja ekki gild lögfræðileg rök að baki þeirri flóknunni aðferðafræði sem boðuð er í 13. gr.

Ef hækka á bætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka frá því sem var fyrir og eftir breytingu á skaðabótalögum 1999 þá nær frumvarp allsherjarnefndar þeim tilgangi. Ef hinsvegar ætlunin er að taka úr sambandi tengingu milli bóta til eftirlifandi maka og imyndads bótaréttar hins látna, þ.e. bótaréttar sem aldrei verður virkur, en tryggja jafnframt óbreytta eða betri bótastöðu en var fyrir breytinguna 1999 gæti frumvarpið staðið, þó hugsanlega með þeirri breytingu að í stað þess að miða við 30% af bótafjárhæð samkvæmt 5. gr., án frádráttar, væri miðað við eitthvað lægri prósentu. Hvaða prósentu ætti að miða við væri verkefni fyrir tryggingastærðfræðilega úttekt á gildandi rétti.

### 3. BÓTARÉTTUR SAMKVÆMT 69. GR. SJÓMANNALAGA NR. 35/1985

Þó svo að slysatryggingu sjómanna sé

<sup>55</sup> Þannig er rétt að hafa í huga að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 283/2003 nam frádráttarfjárhæð vegna lífeyrissjóðsréttinda aðeins kr. 2.000.000. Væri sú tala nokkuð hærri eins og reikna má með að raunin sé oft í dánarbótamálum gæti það haft töluverð áhrif á niðurstöðu útreikninga.



almennt ekki ætlað að bæta tjón á munum sjómanna kunna þeir eftir atvikum að eiga slíkan bótarétt samkvæmt sjómannalögum nr. 35/1985. Sá bótaréttur er hinsvegar óháður því hvort viðkomandi sjómaður verður fyrir líkamstjóni. Þannig kemur fram í 69. gr. sjómannalaga að útgerðarmanni ber skylda til að bæta skipverjum þær eiga þeirra sem farast eða skemmast við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Bótarétturinn byggist á hlutlægum grundvelli.<sup>56</sup>

Í reglugerð nr. 224/1999 eru settar nánari reglur um bótaréttinn. Það kemur fram í 2. gr. að bætunarn skuli nema sannvirði eigna þeirra sem eyðilögðust og ekki fara fram úr fjárhæðum samkvæmt reglugerðinni nema samið hafi verið um hærri bætur. Í 2. gr. er síðan að finna nánari útlístun á hámarksbótum til einstakra skipverja. Sem dæmi má nefna að bótaréttur skipverja á togurum og öðrum fiskiskípum 75 brúttótonn eða stærri í innanlandssiglingum og á veiðum er eftirfarandi:

Skipverjar	Bætur
Skipstjóri	kr. 274.846
Aðrir yfirmenn	Kr. 259.215
Aðrir skipverjar	Kr. 246.189

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að hafi skipverji misst bækur, sjófræðiahöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi vegna starfs síns, og hann átti sjálfur að leggja sér til, þá skuli útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, umfram bætur samkvæmt 2. gr. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu bætur, ef skipverji sá sem eignirnar átti er látinn, ganga til bús hans eða erfingja og greiða á hámark bóta samkvæmt 2. gr.

#### 4. ER ÞÖRF FYRIR 172. GR. SIGLINGALAGA?

Eins og komið hefur fram í grein þessari og fyrri grein í l. tbl. 1. árg. Tímarits Lögréttu er málum þannig fyrir komið eftir tilkomu hinnar nýju slysáttryggingar sjómanna að í flestum slysatilvikum greiðast bætur til sjómanna á grundvelli skaðabótalaga en ekki 172. gr. siglingalaga. Gagnvart þessum hópi sjómanna hefur 172. gr. siglingalaga því takmarkað gildi.

Hinsvegar hefur komið fram í þessum tveimur greinum að þau tilvik geta komið upp þar sem bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt 172. gr. siglingalaga en ekki samkvæmt skaðabótalögum. Þá er einnig rétt að hafa í huga að þó svo að tilkoma hinnar nýju slysáttryggingar sjómanna hafi bætt réttarstöðu meirihluta sjómanna verulega nær tryggingin ekki til allra sjómanna. Gagnvart þeim hópi sem tryggingin nær ekki til skiptir 172. gr. siglingalaga því ennþá miklu máli. Því má segja að þegar af þeirri ástæðu sé hæpið að ætla að leggja það til að 172. gr. verði felld úr gildi.

Þá hefur einnig komið fram að bótaréttur barna yngri en 18 ára er betri samkvæmt 172. gr. siglingalaga en samkvæmt skaðabótalögum, það má þó færa fyrir því rök að ekki sé ástæða til þess að bótaréttur barna sjómanna úr slysáttryggingu á grundvelli 172. gr. eigi að vera betri en myndi gilda ef um skaðabótakröfu væri að ræða og þar af leiðandi betri en annarra barna sem missa framferanda. Þrátt fyrir þetta fólst í lögfestingu 172. gr. ákveðið mat á bótarétti þessara barna. Það er því ólíklegt að í dag verði fallist á að draga úr þeim bótarétti.

<sup>56</sup> Bætur samkvæmt 69. gr. sjómannalaga samanber reglugerð nr. 224/1999 eru oftast greiddar úr vátryggingum sem útgerð hefur keypt.

Þrátt fyrir bætta réttarstöðu sjómanna með hinni nýju slysstryggingu er því vart tímabært að leggja til að 172. gr. siglingalaga verði felld niður. Reyndar er ólíklegt að svo verði fyrir en allir sjómenn verða tryggðir samkvæmt hinni nýju slysstryggingu.

## 5. SAMANTEKT

Í framangreindri grein er fjallað um álitafni tengd gildissviði hinnar nýju slysstryggingar sjómanna frá 2000 og 2001, þ.e. ákvörðun bóta til tjónþola eða aðstandenda þeirra, hver eigi rétt á bótum og hvert sé umfang þeirra.

Eigi sjómaður bótarétt úr hinni nýju slysstryggingu greiðast bætunarná grundvelli 172. gr. siglingalaga eða skaðabótalaga. Greitt er samkvæmt þeim reglum sem leiða til hærri heildarbóta. Í greininni er því að finna samanburð á bótarétti samkvæmt 172. gr. siglingalaga og skaðabótalögum. Þessi samanburður leiðir í ljós að í flestum tilvikum eru bætur samkvæmt reglum skaðabótalaga hærri.

Sú staða kann að koma upp í tengslum við banaslys að fyrir hendi sé bótaréttur úr slysstryggingu sjómanna á grundvelli 172. gr. siglingalaga en ekki samkvæmt skaðabótalögum. Þannig er ekki sjálfsgefið að allir þeir sem bótarétt eiga á grundvelli 172. gr. siglingalaga uppfylli þau skilyrði sem kunna að vera sett í einstökum ákvæðum skaðabótalaga. Í þeim tilvikum greiðast bætur samkvæmt 172. gr. siglingalaga. Einnig er viss óvissa tengd því hvort til greina komi að greiða bætur úr hinni nýju slysstryggingu sjómanna samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga þótt uppfyllt séu skilyrði ákvæðisins. Auk þessa kann sú staða að vera uppi að uppfyllt séu skilyrði skaðabótalaga en ekki 172. gr. siglingalaga. Í greininni er komist að þeirri niðurstöðu að líkur séu á að í þeim tilvikum séu greiddar bætur samkvæmt skaðabótalögum.

Þá er bótaréttur hvers og eins metinn sjálfstætt, þ.e. ef fleiri en einn eiga rétt á bótum. Þegar meta skal hvort bætur á grundvelli skaðabótalaga eru hærri en samkvæmt 172. gr. siglingalaga ber því að leysa úr því fyrir hvern þann sem bótarétt á, t.d. börn og eftirlifandi maki. Niðurstaðan getur þá t.d. orðið sú að börn fái greiddar bætur á grundvelli 172. gr. siglingalaga en eftirlifandi maki á grundvelli skaðabótalaga.

Þótt greinin feli í sér ákveðinn samanburð á bótarétti samkvæmt 172. gr. siglingalaga og skaðabótalögum er ekki um ítarlega umfjöllun um bótarétt samkvæmt skaðabótalögum að ræða heldur mestmegnis látið duga að veita yfirsýn yfir þær bætur sem til greina koma. Fjallað er um rétt hins slasaða og eftir atvikum annarra til bóta fyrir tímabundið og varanlegt tjón. Megináherslan liggur á umfjöllun um rétt til dánarbóta.

Þótt stærstur hluti sjómanna sé nú tryggður samkvæmt hinni nýju slysstryggingu eru þó til sjómenn sem þurfa að láta sér nægja þá slysstryggingu sem um getur í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í greininni er því eftir atvikum einnig getið um rétt þeirra sjómanna til bóta sem ekki falla undir hina nýju slysstryggingu.

## HEIMILDASKRÁ:

### *Fræðirit og greinar:*

- Arnlfótur Björnsson (1999)  
Arnlfótur Björnsson, *Skaðabótaréttur & kennslubók fyrir byrjendur*, 2. útgáfa, Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1999, ISBN 9979-825-20-0.
- Arnlfótur Björnsson (2003)  
Arnlfótur Björnsson, *Ókutæki og tjónbætur*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2003, ISBN 9979-66-130-5.
- Bertholdt, Christensen og Neugenbauer (2001)  
Frank Bertholdt, Morten Erritzøe Christensen og Christina Neugenbauer, *Personskadehåndbogen*, Forsikringshøjskolens Forlag, 2001, ISBN 87-7885-084-3.
- Björn L. Bergsson (2003)  
Björn L. Bergsson, *Almannatryggingar tryggingafélaganna*, Morgunblaðið 24. september 2003, bls. 25.
- Björn L. Bergsson, Karl Axelsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsón (2005).  
Björn L. Bergsson, Karl Axelsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsón, *Geta skal þess sem vel er gert*, Morgunblaðið 12. apríl 2005, bls. 29.
- Bo von Eyben og Isager (2003)  
Bo von Eyben og Helle Isager, *Lærebog i erstatningsret*, 5. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2003, ISBN 87-574-0846-7.
- Friis og Behn (1997)  
Asger Friis og Ole Behn, *Arbejdsskadeforsikringsloven*, 3. kommenterede udgave, Gad Jura, København 1997, ISBN 87-607-0386-5.
- Guðmundur Sigurðsson (1999)  
Guðmundur Sigurðsson, *Bótaréttur launþega & er breytinga þörf?* Lögmannablaðið 1. tbl. 1999, bls. 10&11.
- Guðmundur Sigurðsson (2004)  
Guðmundur Sigurðsson, *Vinnuslys, slysatrygging sjómanna*, Tímarit Lögréttu, 1. tbl. 2004, bls. 11&35.
- Guðmundur Sigurðsson (2004/2)  
Guðmundur Sigurðsson, *Tengsl skaðabótaréttar og bótaréttar frá almannatryggingum*, Lögmannablaðið, 1. tbl. 2004, bls. 33&35.
- Gomard og Wad (1986)  
Bernhard Gomard og Ditlev Wad, *Erstatning og godtgørelse efter erstatnings- og voldsofferloven*, G.E.C. Gads Forlag 1986, ISBN 87-12-53457-9.
- Møller og Wiisbye (2002)  
Jens Møller og Michael S. Wiisbye, *Erstatningsansvarsloven*, 6. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2002, ISBN 87-574-3791-2.
- Alþingistiðindi, 131. löggjafarþing 2004&2005, þingskjal 1037 – 681. mál.

### *Alþingistiðindi:*

Alþingistiðindi, 116. löggjafarþing 1992-1993, þingskjal 596 - 326. mál.  
Alþingistiðindi, 120. löggjafarþing 1995-1996, þingskjal 703 - 399. mál.  
Alþingistiðindi, 123. löggjafarþing 1998-1999, þingskjal nr. 199 - 183 mál.  
Alþingistiðindi, 131. löggjafarþing 2004-2005, þingskjal 1037 - 681. mál.

### *Dómar:*

H 1998:1503

H 1988:2233

H 1998:2346

H frá 8. júní 2000, mál nr. 21/2000

H frá 23. maí 2001, mál nr. 24/2001

H frá 21. júní 2001, mál nr. 62/2001

H frá 13. júní 2002, mál nr. 19/2002

H frá 19. september 2002, mál nr. 20/2002

H frá 26. september 2002, mál nr. 127/2002

H frá 3. apríl 2003, mál nr. 168/2002

H frá 22. maí 2003, mál nr. 514/2002

H frá 18. september 2003, mál nr. 520/2002

H frá 4. desember 2003, mál nr. 171/2003

H frá 27. nóvember 2003, mál nr. 223/2003

H frá 29. janúar 2004, mál nr. 283/2003.

H frá 30. september 2004, mál nr. 50/2004.

H frá 17. febrúar 2005, mál nr. 357/2004

Héraðsdómur Reykjavíkur frá 6. maí 2003, mál nr. E-10288/2002.